

Júlí 2019



Ársskýrsla fjármála- og efnahagsráðherra 2018

Efnisyfirlit

Ársskýrsla ráðherra	3
Samantekt um starfsemi ráðuneytis	4
Útgjöld málefnasviða og málaflokka	7
Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna	10
Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	12
Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	27
Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnarsýsla atvinnumála og nýsköpunar	29
Fjölskyldumál	32
Húsnæðisstuðningur	34
Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar	36
Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	41
Kynja- og jafnréttismál	42
Ávinningur af styrkjum og framlögum 2018	43
Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða og millifærslur	44
Yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila	47
Yfirlit yfir útgefið efni	48

Ársskýrsla ráðherra

Hér á eftir fer ársskýrsla fjármála- og efnahagsráðherra sem byggist á fyrirmælum í lögum um opinber fjármál. Þetta er í annað sinn sem slík skýrsla er birt. Henni er ætlað að gera grein fyrir niðurstöðu útgjalda og mati á árangri í samanburði við sett markmið fyrir hvert málefnasvið og málaflokk til lengri tíma litið, auk þess að veita yfirlit yfir aðgerðir sem tengjast þeim. Þannig fæst yfirsýn og tenging fjármuna við stefnumótun fyrir málefnasvið og málaflokka.

Hver ráðherra skilar slíkri skýrslu og byggist hver skýrsla á samræmdum efnistöfum og framsetningu. Sum málefnasvið heyrja undir fleiri ráðherra og snýst þá umfjöllunin eingöngu að málaflokkum, markmiðum og mælikvörðum þess ráðherra sem fer með ábyrgðina.

Af ýmsum verkefnum ársins má sérstaklega nefna að ráðuneytið tók við stjórn og stefnumótun upplýsingatæknimála ríkisins við myndun núverandi ríkisstjórnar. Þess sér stað meðal annars í uppfærslu þjónustugáttarinnar Ísland.is og ákvörðunum um pappírslausar tilkynningar frá stofnunum á vegum ráðuneytisins. Einnig er unnið að því að innleiða og uppfæra tæknilegar lausnir til að unnt verði að framfylgja þeirri ákvörðun ríkisstjórnar að gera stafræn samskipti að meginsamskiptaleið milli almennings og ríkisins fyrir lok ársins 2020. Þannig má nýta tækni til að bæta þjónustu og draga úr kostnaði.



Innleiðing laga um opinber fjármál á undanförunum árum hefur haft í för með sér breytt verklag á ýmsum sviðum ríkisfjármálanna. Þannig hófst árið 2018 kerfisbundið endurmat á útgjöldum, sem ætlað er að varpa betur ljósi á þróun útgjalda, möguleika á að nýta betur almannafé og auka gagnsæi ríkisfjármálanna. Skýrsla sem þessi er liður í að stuðla að upplýstri umræðu um starfsemi ríkisvaldsins, þjónustu við almenning og notkun skattfjár.

Bjarni Benediktsson
fjármála- og efnahagsráðherra

Samantekt um starfsemi ráðuneytis

Markmið ráðuneytisins á árinu 2018 var sem fyrr að setja fram skýr hagstjórnarmarkmið og skilgreina leiðir að þeim. Í starfseminni var lögð áhersla á að tryggja framgang fjármálastefnu og fjármálaáætlunar og vandaðan undirbúning frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2019.

Stjórnsýsla ríkisfjármála hefur þróast mjög á liðnum árum. Lög um opinber fjármál eru nú komin til framkvæmda að mestu leyti og hafa verið gefnir út verkferlar fyrir stóran hluta vinnunnar við undirbúning þeirra afurða sem lögin segja fyrir um. Áfram hefur verið lögð áhersla á ferli stefnumótunar sem og hagnýta þjálfun í stefnumótun og áætlanagerð. Þá voru ársskýrslur ráðherra birtar í fyrsta skipti fyrir árið 2017 samkvæmt ákvæðum laga um opinber fjármál. Nýtt verklag hefur verið innleitt í þeim tilgangi að stuðla að bættri ráðstöfun fjármuna, en í því felst kerfisbundið endurmat á útgjöldum til verkefna eða málaflokka með það að markmiði að greina hvaða undirliggjandi þættir valda því að útgjöld hafa þróast með tilteknum hætti og hvaða árangri fjárveitingar hafa skilað. Eftir gildistöku laganna var tekið upp breytt verklag við framkvæmd fjárlaga með áherslu á samræmda upplýsingagjöf, áætlanagerð ríkisaðila og virkt eftirlit ráðuneyta með rekstri stofnana. Einnig hefur verið lögð áhersla á þróun upplýsingatækni til að bæta upplýsingagjöf ráðuneytanna.

Helstu áhersluverkefni á sviði skattamála snúa að tillögum um endurskoðun skattlagningar ökutækja og eldsneytis, m.a. með markmið ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum að leiðarljósi. Þá var einnig unnið að jöfnun á samkeppnisstöðu ferðapjónustuaðila og stuðningi við nýsköpunarfyrirtæki auk þess sem álagning einstaklinga og lögaðila var færð fram um einn mánuð.

Fjármálakerfið er mikilvægur hluti af innviðum samfélagsins. Áfram var unnið að innleiðingu reglna um starfsemi fyrirtækja og stofnana á fjármálamarkaði í samræmi við skuldbindingar Íslands. Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið var birt og unnið að losun gjaldeyrishafta.

Aukin framleiðni í opinberum rekstri er meðal áhersluverkefna í starfi ráðuneytisins. Mikilvæg sóknarfæri í bættri þjónustu og aukinni framleiðni í opinbera geiranum eru fólgin í aukinni notkun stafrænnar tækni. Ráðuneytið fékk á árinu aukna ábyrgð á þessu sviði og í framhaldinu var komið á fót verkefnastofu um stafrænt Ísland, sem vinnur að eflingu þjónustu við almenning og fyrirtæki með hagnýtingu stafrænnar tækni og samskipta, uppbyggingu innviða og auknum samrekstri hins opinbera. Þá var unnið að innleiðingu nýs launafyrirkomulags forstöðumanna og gerð stjórnendastefnu til að bæta stjórnendafærni og stuðla að eftirsóknarverðara starfsumhverfi fyrir stjórnendur og starfsfólk.

Í fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpinu er að finna margar aðgerðir sem ráðuneytið er ábyrgt fyrir. Af þeim 52 aðgerðum sem skilgreindar voru í fjárlagafrumvarpi og varða málaflokka ráðuneytisins var langstærstum hluta, eða 43 aðgerðum, lokið eða í vinnslu í lok árs. Fjórar aðgerðir voru í undirbúningi en fimm aðgerðir voru ekki hafnar.

Markmið með innra starfi ráðuneytisins er að auðvelda starfsfólki að sinna verkefnum sínum á skilvirkan hátt og efla góðan starfsanda. Hjá ráðuneytinu störfuðu 78 starfsmenn á sjö skrifstofum. Auk þess störfuðu 14 starfsmenn hjá kjara- og mannauðssýslu ríkisins og átta starfsmenn hjá Verkefnastofu um stafrænt Ísland. Stöðugt koma fram nýjar áskoranir og starfsmenn ráðuneytisins leysa slík verkefni á grundvelli þekkingar og fagmennsku. En öll verkefni eru unnin í samræmi við gildi ráðuneytisins um frumkvæði, fagmennsku og árangur.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið ber alfarið ábyrgð á þremur málefnasviðum og að hluta fimm öðrum málefnasviðum en málaflokkar sem eru ábyrgð ráðuneytisins eru samtals 15. Undir ráðuneytið heyra tíu A-hluta stofnanir sem tilheyra fjórum málaflokkum:

5.1 Skatta og innheimta	5.2 Eignaumsýsla ríkisins	5.3 Fjármálaumsýsla ríkisins	16.1 Markaðseftirlit og neytendamál
Ríkisskattstjóri	Framkvæmdasýsla ríkisins	Fjársýsla ríkisins	Fjármálaeftirlitið
Tollstjóri	Ríkiseignir	Ríkiskaup	
Yfirkattanefnd	Bankasýsla ríkisins		
Skattrannsóknastjóri			


Fjármála- og efnahagsráðherra ber ábyrgð á eftirfarandi málefnasviðum:

- 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla.
- 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar.
- 34 Almennur varasjóður, sértækar fjárráðstafanir og afskriftir skattkrafna.

Auk þess ber ráðherra að hluta ábyrgð á eftirfarandi málefnasviðum:

- 06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál, sbr. málefni upplýsingasamfélagsins í málaflokki 06.1.
- 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar, sbr. Fjármálaeftirlitið í málaflokki 16.1.
- 27 Örorða og málefni fatlaðs fólks, sbr. jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða í málaflokki 27.5.
- 29 Fjölskyldumál, sbr. barnabætur í málaflokki 29.1.
- 31 Húsnæðisstuðningur, sbr. húsnæðisstuðning í málaflokki 31.1.

Myndin sýnir fjárhagslegt umfang fjármála- og efnahagsráðuneytis skipt eftir málefnasviðum árið 2018. Sýndur er rekstur málefnasviða ásamt fjárfestingu.



Útgjöld málefna sviða og málaflokka

Í eftirfarandi töflu eru málaflokkar þeirra málefna sviða sem fjármála- og efnahagsráðherra ber ábyrgð á, ásamt málaflokkum annarra málefna sviða sem fjármála- og efnahagsráðuneytið á hlutdeild í.

Taflan sýnir raungjöld, rekstur og tilfærslur, í m.kr. að frádregnum rekstrartekjum í samanburði við áætlanir ársins 2018 ásamt uppsöfnuðum frávikum fyrri ára.

Rekstur málefna sviða og málaflokka

Málaflokkar	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik	Flutt frá fyrra ári	Uppsafn frávik	Frávik
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	14.976	13.670	1.306	9,6%	1.701	-396	-2,6%
0510 - Skattar og innheimta	7.235	7.017	218	3,1%	840	-622	-7,9%
0520 - Eignaumsýsla ríkisins	370	-333	703		295	409	
0530 - Fjármálaumsýsla ríkisins	2.229	2.211	19	0,8%	97	-78	-3,4%
0540 - Stjórnarsýsla ríkisfjármála	5.141	4.775	366	7,7%	470	-104	-2,0%
06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	114	128	-15	-11,3%	63	-77	-40,4%
0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	114	128	-15	-11,3%	63	-77	-40,4%
16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnarsýsla atvinnumála og nýsköpunar	2.066	2.314	-248	-10,7%	204	-452	-18,0%
1610 - Markaðseftirlit og neytendamál	2.066	2.314	-248	-10,7%	204	-452	-18,0%
27 Örorra og málefni fatlaðs fólks	4.540	4.527	13	0,3%	0	13	0,3%
2750 - Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	4.540	4.527	13	0,3%	0	13	0,3%
29 Fjölskyldumál	10.606	10.528	78	0,7%	0	78	0,7%
2910 - Barnabætur	10.606	10.528	78	0,7%	0	78	0,7%
31 Húsnæðisstuðningur	3.042	4.000	-958	-23,9%	0	-958	-23,9%
3110 - Húsnæðisstuðningur	3.042	4.000	-958	-23,9%	0	-958	-23,9%
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar	118.086	105.695	12.391	11,7%	0	12.391	11,7%
3310 - Fjármagnskostnaður	63.682	55.699	7.984	14,3%		7.984	14,3%
3320 - Ríkisábyrgðir	149	0	149		0	149	
3330 - Lífeyrisskuldbindingar	54.254	49.996	4.258	8,5%	0	4.258	8,5%
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	25.191	18.594	6.596	35,5%	0	6.596	35,5%
3410 - Almennur varasjóður	0	286	-286	-100,0%	0	-286	-100,0%
3420 - Sértækar fjárráðstafanir	0	99	-99	-100,0%	0	-99	-100,0%
3430 - Afskriftir skattkrafna	25.191	18.209	6.982	38,3%	0	6.982	38,3%

Fjárhæðir í milljónum króna

Alls námu heildarútgjöld, þ.e. gjöld og fjárfestingar, þeirra málaflokka sem fjármála- og efnahagsráðuneytið ber ábyrgð á 180,4 ma.kr. árið 2018 og er ráðuneytið þriðja stærsta útgjaldaráðuneytið. Um 90% heildarútgjalda ráðuneytisins er vegna óreglulegra og kerfislægra liða s.s. fjármagnskostnaður, afskriftir skattkrafna og lífeyrisskuldbindingar. Frávik ársins skýrast að mestu af þróun óreglulegra og kerfislægra liða en málaflokkar með fjárveitingu til stofnana og verkefna eru innan fjárheimilda að teknu tilliti til uppsafnaðra fluttra fjárheimilda.

Málaflokkar sem eru marktækt undir fjárheimildum eru húsnæðisstuðningur og markaðseftirlit og neytendamál. Málaflokkur **16.1 Markaðseftirlit og neytendamál** er 248 m.kr. undir heimildum ársins. Mismunurinn skýrist annars vegar af því að raunkostnaður launa hjá Fjármálaeftirlitinu var 185 m.kr. undir áætlunum og hins vegar af því að kostnaður aðkeyptrar þjónustu var lægri en rekstraráætlun gerði ráð fyrir.

Heildargreiðslur málaflokks **33.1 Húsnæðisstuðningur** vegna vaxtabóta er 958 ma.kr. undir heimildum. Skýringu fráviksins er fyrst og fremst að finna í meiri hækkun tekna en reiknað hafði verið með, en tekjur mynda frádrátt frá vaxtagjöldum og stýra þannig ákvörðun vaxtabóta. Þá jókst nettóeign fjölskyldna einnig umfram spár, sem sömuleiðis rýrir vaxtabætur, en eignarstofn á mann til útreiknings vaxtabóta hækkaði um 24% á milli ára hjá þeim sem voru með vaxtagjöld vegna eigin húsnæðis, samanborið við 12% árið áður.

Helstu frávik umfram heimildir má rekja m.a. til þriggja málaflokka. Í fyrsta lagi til málaflokks **33.10 Fjármagnskostnaður** en frávik í málaflokknum nema samtals 8 ma.kr. Skýrist fráviknið af gjaldfærslu gengisbreytinga að fjárhæð 8,1 ma.kr. Með innleiðingu IPSAS staðalsins var gerð krafa um að gjaldfæra áhrif gengisbreytinga á höfuðstól erlendra lána en hingað til hafa gengisbreytingar ekki verið gjaldfærðar heldur einungis færðar um endurmatsreikning. Á móti lækkuðu gjaldfærðir vextir af lánnum um 100 m.kr.

Í öðru lagi til málaflokks **34.30 Afskriftir skattkrafna** en þar var gjaldfærsla óvenjuhá eða 25,2 ma.kr. sem er 7,0 ma.kr. yfir fjárheimild málaflokksins eða sem nemur 38% af fjárheimildinni. Málaflokkurinn var ekki birtur í fjárlögum fyrir árið 2018 en gert er ráð fyrir honum í fjárukalögum ársins. Rétt er að vekja athygli á því að þótt afskrifaðar kröfur séu færðar til gjalda á þennan lið í uppgjöri á rekstrargrunni þá hefur það ekki í för með sér greiðslur úr ríkissjóði. Afskrift krafna er í eðli sínu talsvert breytileg milli ára og líkur á verulegu frávikni frá áætlun að sama skapi miklar. Við uppgjör ársins 2018 var, auk hefðbundins mats á eftirstöðvum krafna, gert sérstakt mat sem tók mið af innheimtureynslu liðinna tveggja ára varðandi mat á eftirstöðvum ógreiddra álagðra skatta. Við matið fyrir árið 2018 var því farið í að greina innheimtuárangur niður á skatttegundir til að meta hvað raunverulega hefur verið að innheimtast af eldri kröfum. Um er að ræða einskiptis aðgerð og leiðrétting á stöðunni í árslok 2018 sem mun ekki hafa í för með sér árlega hækkun niðurfærslunnar á komandi árum. Þessi aðferð við mat á kröfum leiddi til 12,8 milljarða viðbótarniðurfærslu á árinu 2018 umfram það sem óbreytt aðferðafræði hefði skilað og skýrir það hið stóra frávik bæði frá áætlun og fyrra ári.

Í þriðja lagi til málaflokks **33.3 Lífeyrisskuldbindingar** þar sem útgjöld umfram áætlanir nema samtals 4,3 ma.kr. Undir þennan málaflokk falla þær breytingar sem verða innan ársins á lífeyrisskuldbindingum sem eru á ábyrgð ríkissjóðs. Frávikin skýrast að mestu af breytingu sem gerð var á áætlaðri hlutdeild ríkissjóðs af skuldbindingum í B-deild LSR á móti öðrum aðilum, sem leiddi til viðbótargjaldfærslu að fjárhæð 3,4 ma.kr.

Taflan sýnir fjárfestingu í m.kr. í samanburði við áætlanir ársins 2018 ásamt uppsöfnuðum frávikum fyrri ára.

Málaflokkar	Ráðstafað á árinu	Til ráðstöfunar á árinu	Ónýtt heimild frá fyrra ári	Óráðstafað á árinu
05 Skatta-, eigna og fjármálaumsýsla	1.773	2.241	659	1.128
0510 - Skattar og innheimta	131	118	0	-14
0520 - Eignaumsýsla ríkisins	1.244	1.863	612	1.231
0530 - Fjármálaumsýsla ríkisins	205	118	13	-74
0540 - Stjórnýsla ríkisfjármála	192	143	34	-15
16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnýsly atvinnumála og nýsköpunar	16	10	0	-6
1610 - Markaðseftirlit og neytendamál	16	10	0	-6
33 Fjármagnskosnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldb.		110	110	220
3320 - Ríkisábyrgðir		110	110	220
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðst.		-854	1.132	278
3410 - Almennur varasjóður		240	0	240
3420 - Sértækar fjárráðstafanir		-1.094	1.132	38

Fjárhæðir í milljónum króna

Í málaflokki **33.2 Ríkisábyrgðir** reyndust útgjöld 149 m.kr. umfram áætlanir, sem skýrast af töpuðum langtímakröfum og uppgjöri á ábyrgð. Um er að ræða óreglulegan lið að sem byggist á forsendum sem erfitt er að áætla fyrir og ekki er hægt að hafa beina stjórn á. Á móti er málaflokkurinn með óráðstafaða fjárfestingarheimild að fjárhæð 220 m.kr.

Frávik eru á rekstri málaflokks **05.2 Eignaumsýsla ríkisins** en þegar litið er til rekstrar og fjárfestingar er hann innan heimilda þar sem málaflokkurinn hefur óráðstafaða fjárfestingarheimild. Skýrist það af því að halli er á rekstri Ríkiseigna og Jarðasjóðs en þessir liðir hafa óráðstafað fjárfestingarframlag. Innan málaflokks 05.2 Eignaumsýsly ríkisins var ráðstafað 1.244 m.kr. af fjárfestingarheimild á árinu sem skýrist af stærstum hluta af gjaldfærslu vegna kaupa á sameignarlandi Geysis. Árið 2016 var ákveðið að ganga til kaupa á landsvæðinu en ekki náðist samkomulag um kaupverðið og því var ákveðið að leggja það í mat dómkvaddra matsmanna og var niðurstaðan að kaupverðið væri 1.009 m.kr.

Frávik vegna almenna varasjóðsins sýna óráðstafaða stöðu varasjóðsins, sem mun verða felld niður í árslok. Frávik annarra málaflokka voru óveruleg.

Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Umfjöllun er kaflaskipt eftir málaflokkum á þeim málefnasviðum sem fjármála- og efnahagsráðherra hefur forræði yfir. Uppbygging þeirra er sambærileg þar sem markmið eru skilgreind, stöðumat er birt og tíunduð þau verkefni sem helst stuðluðu að framgangi viðkomandi markmiða á árinu.

Árangursmælingar markmiða eru tvíþættar: mælikvarðar 2018 í fjármálaáætlun 2018–2022 eru gerðir upp og sömuleiðis aðgerðir ársins, sem settar voru fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2018.

Um þróun markmiða og mælikvarða

Þau markmið og aðgerðir sem birtast í kaflanum voru skilgreind með fjárlögum fyrir árið 2018 og mælikvörðum í fjármálaáætlun 2018–2022. Breytingar á markmiðum og mælikvörðum urðu, eftir atvikum, í fjármálaáætlun 2019–2023 sem samþykkt var á Alþingi vorið 2018 og í fjármálaáætlun 2020–2024 sem lögð var fram á Alþingi 23. mars sl. Gerð er grein fyrir breytingunum og ástæðum þeirra í viðkomandi fjármálaáætlun.

Staða aðgerða eftir málaflokkum

Staða aðgerða eftir málaflokkum í árslok 2018 er birt í yfirliti hér fyrir neðan og er hver aðgerð merkt eftir stöðumati. Yfirlitið sýnir stöðu allra aðgerða ráðuneytisins sem í ár voru 52 talsins. Málaflokkarnir eru eðlisólíkir og aðgerðirnar sem skilgreindar eru ná yfir mismunandi tímabili. Það skýrir að hluta mismunandi stöðu aðgerða í árslok 2018.

Af þeim 52 aðgerðum sem skilgreindar voru í fjárlagafrumvarpinu, er varða málaflokka ráðuneytisins, var 43 þeirra lokið eða enn í vinnslu í lok árs. Fjórar aðgerðir voru í undirbúningi en fimm aðgerðir voru ekki hafnar. Nánari skýringar á stöðu einstakra aðgerða er að finna í umfjöllun um viðkomandi málaflokk.

Yfirlit yfir stöðu aðgerða allra málaflokka í árslok 2018

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða					Samtals
5.1 Skattar og innheimta	2	2		2	2	8
5.2 Eignaumsýsla	1	1	1	3	1	7
5.3 Fjármálaumsýsla og rekstur ríkisins	1	1	3	3	1	9
5.4 Stjórnsýsla ríkisfjármála			3	5	2	10
6.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál			2	2		4
16.1 Markaðseftirlit og neytendamál			2	1	1	6
31.1 Húsnæðisstuðningur			1			1
33.1 Fjármagnskostnaður				6		6
33.2 Ríkisábyrgðir				1		1
33.3 Lífeyrisskuldbindingar	1			1		2
	Samtals aðgerðir					
	5	4	12	24	7	

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla Málefнасvið 5

Skattar og innheimta

Með fjárlögum fyrir árið 2018 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 05.1 Skattar og innheimta. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að tryggja að skattaumsýsla, þ.e. skattframkvæmd og innheimta, sé í samræmi við það meginmarkmið að stuðla að skilvirku skattkerfi fyrir sameiginleg útgjöld.

1. Bæta skattskil og öflun tekna til sameiginlegra útgjalda.
2. Bæta aðgengi, framboð og gæði að upplýsingum um skattamál, m.a. með samræmdari stjórnsýslu skattamála.
3. Skilvirkari og einfaldari opinber innheimta.

Stöðumat markmiða

Þegar litið er til markmiða málaflokksins og þeirra viðmiða um árangur á árinu 2018 sem sett voru með hliðsjón af stöðu mála á árinu 2015 og birt í fjármála-áætlun 2018-2022, má sjá að töluverður árangur hefur náðst. Útkoma ársins 2018 er umfram sett viðmið í fimm tilvikum af sjö. Enn má þó gera betur á ákveðnum sviðum.

Í skattframkvæmd 2018 var unnið að því að styrkja faglega stjórnsýslu skattamála með það að markmiði að auka skilvirkni hennar jafnframt því að bæta þjónustu við almenning og fyrirtæki. Hlutfall þeirra sem skilar upplýsingum tímanlega fyrir álagningu skattyfirvalda var umfram viðmiðið bæði í tilviki framtals lögaðila og skilagreina virðisaukaskatts. Hins vegar hélt áfram að fækka hlutfallslega þeim einstaklingum sem skiluðu framtali innan tímamarka, niður í 94%. Sú þróun hefur staðið yfir í nokkur ár og tengist mikilli fjölgun aðfluttra sem starfa einungis hluta úr ári á íslenskum vinnumarkaði og eru í mörgum tilfellum fluttir á brott þegar kemur að skilum skattframtals. Þegar litið er til innheimtuhlutfalls sést að árangur var betri en sett viðmið í öllum tilvikum, þ.e. fyrir þrjá stærstu skattstofnana. Jafnframt varð bæting frá fyrra ári í tilviki tekju-skatta einstaklinga og lögaðila en lítils háttar afturför í tilviki virðisaukaskatts.

Sjöundi mælikvarðinn á árangur stefnunnar að markmiði 1 snýr að afskrift tekna. Afskrift var óvenju mikil að þessu sinni, sbr. umfjöllun framar í þessum kafla um einstök frávik, og mælist 2,6% þegar miðað er við heildartekjur en 2,4% sé aðeins miðað við skatttekjur. Skýrsla með tillögum um endurskoðun skattlagningar ökutækja og eldsneytis, m.a. með markmið ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum að leiðarljósi, var gefin út í ágúst 2018.

Til framtíðar litið er lagt upp með að Ísland verði í fremstu röð í tæknilausnum á sviði skattlagningar ökutækja og eldsneytis. Þá var einnig unnið að jöfnun á samkeppnisstöðu á milli innlendra og erlendra ferðaþjónustuaðila. Álagning einstaklinga og lögaðila var færð fram um einn mánuð og fór álagning á einstaklinga fram í lok maí og álagning á lögaðila í lok september. Að auki var kærufrestur lengdur sem því nam, eða um einn mánuð.

Ráðist var í þrenns konar breytingar á tekjuskatti sem tóku gildi um áramót 2018/2019. Í fyrsta lagi var tímabundin 1% viðbótarhækkun á persónuafslætti umfram lögbundna hækkun í samræmi við vísitölu neysluverðs, í öðru lagi var vísitöluhækkun þrepamarka tekjuskatts miðuð við vísitölu neysluverðs eins og gildir um persónuafsláttinn í stað launavísitölu, og í þriðja lagi voru viðmiðunar- fjárhæðir barnabóta og vaxtabóta hækkaðar um 1,3% umfram verðbólguviðmið.

Lögfest var að almenna tryggingagjaldið skyldi lækka í tveimur áföngum, um 0,25 prósentustig í hvorum áfanga, eða samtals um 0,5 prósentustig og hliðstæð tveggja áfanga 20% hækkun kolefnisgjalds.

Þá hefur verið unnið markvisst að því að efla þekkingu og nýsköpun með því að styðja við nýsköpunarfyrirtæki. Skattfrádráttur vegna rannsóknar- og þróunar- kostnaðar var hækkaður verulega með tvöföldun hámarksfjárhæðar til viðmiðunar á frádrætti.

Aðgerðir gegn skattsvikum og skattundanskotum voru áfram í forgangi á árinu. Í því sambandi var m.a. horft til BEPS (e. Base Erosion and Profit Shifting) aðgerðaáætlunar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), sem ætlað er að koma í veg fyrir rýrnun skattstofna og tilflutning hagnaðar.

Ákvæði virðisaukaskattslaga um þjónustukaup yfir landamæri, t.d. gegnum netverslun, voru gerð einfaldari og samræmd breytingum í nágrennaríkjum.

Á árinu var lagt fram frumvarp með tillögum að endurskoðuðum reglum um skattlagningu lögaðila í lágskattaríkjum og útleigu vinnuafls. Auk framangreinds fór fram margvísleg önnur vinna að breytingum á skattalöggjöfinni á árinu 2018.

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í fjármálaáætlun 2018–2022 fyrir árið 2018 og stöðunnar í lok ársins 2018. Við samanburðinn ber þó að hafa í huga að markmiðin hafa að einhverju leyti tekið breytingum í núgildandi fjármálaáætlun.

MARKMIÐ 1

Bæta skattskil og öflun tekna til sameiginlegra útgjalda

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Hlutfall þeirra sem skila upplýsingum innan tímamarka:			
a) skattframtöl einstaklinga	a) 95,4%	a) 96,3%	a) 94,0%
b) framtöl lögaðila	b) 81,8%	b) 73,5%	b) 81,5%
c) virðisaukaskattsskýrslur	c) 94,3%	c) 93,5%	c) 95,2%
Innheimtuhlutfall vegna:			
a) tekjuskatts einstaklinga	a) 86,6%	a) 83,8%	a) 88,5%
b) tekjuskatts lögaðila	b) 89,1%	b) 86,3%	b) 91,1%
c) virðisaukaskatts	c) 82,8%	c) 81,9%	c) 82,4%
Afskriftir	1,02%	0,84%	2,60%

Aðgerðir	Framkvæmd 2018	Tímabil
Hert skatteftirlit, efling skattrannsóknna og virkari innheimta. Vinnuhópur skili tillögum um hvernig megi bæta skattskil fyrir haustþing 2018.	Sérstakur vinnuhópur um verkefnið var ekki stofnaður. Fyrirliggjandi tillögur annarra starfshópa urðu hins vegar grundvöllur að hertu skatteftirliti, eflingu skattrannsóknna og virkari innheimtu. Má þar nefna tillögur starfshóps um endurskipulagningu innheimtukerfis opinberra gjalda, starfshóps um frekari aðgerðir gegn skattundandrætti og skattaskjólum, starfshóps um skattlagningu erlendra ferðþjónustu og starfshóps atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sem ráðuneytið á fulltrúa í, um kennitölufلاك. Þá hefur ráðherra lagt fram á Alþingi frumvarp til laga með tillögum að endurskoðuðum reglum um skattlagningu lögaðila í lágs kattaríkjum og útleigu vinnuafis.	2018
Útfærsla á tillögum starfshópa um frekari aðgerðir gegn skattundandrætti og skattaskjólum og einnig starfshóps um skattlagningu erlendra ferðþjónustu. Frumvarp liggja fyrir á vorþingi 2018.	Lög nr. 77/2018, um aðgerðir gegn skattundanskotum og skattsvikum, voru samþykkt á vorþingi 2018. Þá var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga með tillögum að endurskoðuðum reglum um skattlagningu lögaðila í lágs kattaríkjum og útleigu vinnuafis, sem er í vinnslu í þinginu. Jafnframt hefur verið unnið að jöfnun á samkeppnisstöðu á milli innlendra og erlendra ferðþjónustuaðila.	2017–2018
Endurskoðun skattlagningar á tónlist, fjölmiðla og íslenskt ritmál, þ.m.t. bækur.	Með lögum nr. 59/2018 urðu breytingar á álagningu virðisaukaskatts á kaup og sölu þjónustu milli landa, áskriftir og sölu fréttablaða o.fl. Þá varð frumvarp til laga um stuðning við útgáfu bóka á íslensku, sem samið var í ráðuneytinu og lagt fram af mennta- og menningarmálaráðherra, að lögum nr. 130/2018. Jafnframt hefur ráðherra lagt fram breytingalagafrumvarp á Alþingi um skattlagningu tekna af höfundaréttindum, auk þess sem í mennta- og menningarmálaráðuneytinu er unnið að samningu fjölmiðlafrumvarps.	2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Bæta aðgengi, framboð og gæði að upplýsingum um skattamál, m.a. með samræmdari stjórnsýslu skattamála

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Álagning og greiðslustaða aðgengileg í sameiginlegri þjónustugátt ríkisskattstjóra og tollstjóra.	Annar mælikvarði	Birting á álagningu og greiðslustöðu hjá einstaklingum á álögðum gjöldum samkvæmt álagningarseðli.	Álagningar- og greiðslustaða aðgengileg á þjónustusíðu ríkisskattstjóra. Frumvarp til laga um flutning á innheimtu opinberra gjalda frá tollstjóra til ríkisskattstjóra lagt fram á Alþingi. Við gildistöku þess verður hægt að finna allar upplýsingar um álagningu og greiðslustöðu á þjónustusíðu ríkisskattstjóra.
Meðalmálshraði hvernar stofnunar.	Enn til skoðunar.	RSK 49 dagar. SRS 5,0 mán. YSKN 3,75 mán. Tollur 50 dagar.	RSK 55 dagar. SRS 5,0 mán. YSKN 4,5 mán. Tollur 50 dagar.
Tíðari birtingar og aukin gæði tölu-legra gagna, m.a. kyngreind gögn.	Annar mælikvarði.	Útgefin tölfraði um skattamál greind eftir kyni þar sem við á.	Útgefin tölfraði um skattamál var ekki greind eftir kyni árið 2018.

Aðgerð	Framkvæmd 2018	Tímabil
Sérstakur starfshópur sérfræðinga ríkisskattstjóra og tollstjóra með aðkomu fjármála- og efnahagsráðuneytis leggi drög að sameiginlegri þjónustugátt embættanna og skili tillögum fyrir mitt ár 2018.	Með lögum nr. 142/2018 var innheimta opinberra gjalda, sem tollstjóri hafði annast, færð til ríkisskattstjóra frá og með 1. maí 2019. Eftir þá breytingu hafa sjálfsafgreiðslumöguleikar aukist ásamt samnýtingu tölvu- og upplýsingakerfa. Frumvarpið sem varð að áður nefndum lögum var samið af nefnd um aukna skilvirkni í skattframkvæmd, álagningu og innheimtu opinberra gjalda sem ráðherra skipaði 21. júní 2018.	2017–2018
Endurskoðun samstarfssamnings ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og tollstjóra frá 21. júní 2016 með áherslu á aukin samskipti við ráðuneytið. Teknir upp reglubundnir fundir, a.m.k. tvisvar á ári, með stofnununum og fjármála- og efnahagsráðuneytinu, þ.e. í júní og desember.	Vegna breyttra áherslna var samstarfssamningurinn ekki endurskoðaður á árinu 2018. Ráðuneytið hefur á árinu 2018 fundað með öllum stofnununum.	2018
Unnið verður að endurskoðun reglugerðar um skatteftirlit og skattrannsóknir í því augnamiði að skerpa skil milli verkefna RSK og SRS. Verði lokið eigi síðar en 1. júlí 2018.	Ekki reyndist unnt að hefja endurskoðun reglugerðarinnar á árinu 2018 vegna forgangsröðunar annarra verkefna.	2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 3

Skilvirkari og einfaldari opinber innheimta

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Fjöldi gjalddaga.	269 (eins og 2015)	150-200 gjalddagar (frá 269 árið 2015).	269 (eins og 2015).
Innheimtukostnaður ríkissjóðs.	550 m.kr.	5% lækkun frá 2016 (var 520 m.kr. 2016; 488 m.kr. 2015)	Staða 2017 560 m.kr.
Fjöldi innheimtumanna.	9	Viðmið ekki skilgreint.	9

Aðgerð	Framkvæmd 2018	Tímabil
Heildarendurskoðun gjalddátöku í samgöngum, svokölluðum grænum sköttum og skattvildunum, m.a. um vistvæn ökutæki, svo að skattheimtan þjóni loftslagsmarkmiðum.	Skýrsla með tillögum um endurskoðun skattlagningar ökutækja og eldsneytis, m.a. með markmið ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum að leiðarljósi, var gefin út í ágúst 2018 og eru tillögur hennar til skoðunar og vinnslu í ráðuneytinu.	2018
Hafist handa við endurskipulagningu innheimtukerfis opinberra gjalda á grundvelli tillagna starfshóps fyrir mitt ár 2018. Breytingalagafrumvarp um innheimtu opinberra gjalda verði lagt fram á haustþingi 2018.	Stefnt er að kynningu á frumvarpinu í samráðsgátt stjórnvalda sumarið 2019 og framlagningu þess á Alþingi haustið 2019.	2017–2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Eignaumsýsla ríkisins

Með fjárlögum fyrir árið 2018 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 05.2 Eignaumsýsla ríkisins.

Tvö markmið hafa tekið breytingum frá fyrra ári. Í stað markmiðs 1 um bættu formfestu og eftirfylgni kemur markmið um viðunandi arðsemi, bættu yfirsýn og aukið gagnsæi í rekstri félaga í eigu ríkisins, sem eykur líkur á að félögin skili því til samfélagsins sem til er ætlast og stuðli að því að almennt traust ríki um stjórn og starfsemi þeirra. Í stað markmiðs 3 um bættu ferla kemur nýtt markmið um skýrari ramma um hagnýtingu lands, náttúru og auðlinda í umráðum ríkisins. Áherslubreytingin kemur til vegna fjölgunar ferðamanna, sem knýr á um bættu umgjörð um hagnýtingu auðlinda á ríkisjörðum til að tryggja arðsemi. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að meðferð eignarhalds allra ríkiseigna verði samræmd, fagleg og hagkvæm.

1. Viðunandi arðsemi, bætt yfirsýn og aukið gagnsæi í rekstri félaga í eigu ríkisins.
2. Bætt yfirsýn og fjárhagslegt gagnsæi við meðferð eigna.
3. Setja skýrari ramma um hagnýtingu lands, náttúru og auðlinda í umráðum ríkisins.

Stöðumat markmiða

Skýrari stefna um markmið og stjórnarhætti fyrir félögin til að vinna eftir stuðlar að meiri gæðum í starfsemi og bættum rekstri félaga í eigu ríkisins. Unnið hefur verið að endurskoðun á almennri eigandastefnu fyrir hlutafélög og sameignarfélög og eru lokadrög í yfirlestri í ráðuneytinu, en þar er lögð áhersla á reglubundin samskipti og upplýsingagjöf milli eiganda og félags um markmið, rekstur og stefnumörkun. Samhliða þessu var unnið að lokadrögum reglna um val á stjórnarmönnum innan ráðuneytisins, en útgáfa slíkra reglna er í samræmi við lög um opinber fjármál og er ætlað að stuðla að aukinni faglegri stjórnun félaga í eigu ríkisins. Reglubundnar upplýsingar úr ársreikningum og áætlunum stærri fyrirtækja berast nú á töflureiknisformi frá félögum að meiri hluta í eigu ríkisins. Hafinn var vinna við gerð miðlægs gagnagrunns fyrir þessar upplýsingar og er stefnt að því að fyrsta útgáfa hans verði komin í umferð á næsta ári. Þá var hafin vinna við eigandastefnu fyrir félög ríkisins í orkugeiranum, sem ætlað er að vera viðauki við almennu eigandastefnuna, en m.a. verður við vinnslu hennar horft til orkustefnu fyrir Ísland, sem unnið er að á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Við eignaumsýslu ríkisins árið 2018 var markvisst unnið að því að meðferð eignarhalds allra ríkiseigna yrði samræmd, fagleg og hagkvæm. Umsýsla og meðferð eignarhalds flestra ríkiseigna, þ.m.t. stærsta hluta félaga í eigu ríkisins, fasteigna, jarða og auðlinda á ríkisjörðum, er miðlæg á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins og stofnana þess. Unnið var að því að styrkja enn frekar miðlæga umsýslu ásamt því að auka yfirsýn og fjárhagslegt gagnsæi við meðferð fasteigna, jarða og auðlinda í eigu ríkisins. Stórum áfanga var náð þegar tekin var upp markaðsleiga á fasteignum í umsýslu Ríkiseigna um áramótin 2018/2019. Næstu skref eru að fleiri eignir verði færðar í miðlæga umsýslu og tekin verði

upp markaðsleiga fyrir þær eignir til að auka fjárhagslegt gagnsæi við meðferð þeirra. Áfram var unnið að eigandastefnu fyrir jarðir og auðlindir í eigu ríkisins og stefnt er að útgáfu stefnunnar á árinu 2019. Mikilvægt er að bæta áætlanagerð ríkisins með framkvæmda- og fjárfestingaráætlun til langs tíma. Markmiðið er að fá yfirsýn yfir slík verkefni til lengri tíma og skapa grundvöll fyrir forgangsröðun. Á árinu var unnið að mótun helstu forsendna fyrir slíka áætlun.





Árangursmælingar markmiða





Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í fjármálaáætlun 2018–2022 og stöðunnar í lok ársins 2018. Við samanburðinn ber þó að hafa í huga að markmiðin hafa að einhverju leyti tekið breytingum í núgildandi fjármálaáætlun. Varðandi fyrstu tvo mælikvarða fyrir markmið 1 er unnið að öflun rafrænna gagna úr ársreikningum fyrir árið 2018. Varðandi fyrstu tvo mælikvarða fyrir markmið 3 er unnið að öflun gagna og nánari útfærslu á mælikvörðum.

MARKMIÐ 1

Viðunandi arðsemi, bætt yfirsýn og aukið gagnsæi í rekstri félaga í eigu ríkisins

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Samfélagslegur ávinningur mældur sem arðsemi heildareigna (viðmið er sýnt sem hlutfall um eða yfir arðsemiskröfu ríkisins).	Annar mælikvarði.	25%	Gögn í vinnslu.
Fjárhagslegur ávinningur eiganda mældur sem arðsemi eigin fjár (mælikvarði: hlutfall félaga um eða yfir arðsemiskröfu ríkisins).	Annar mælikvarði.	30%	Gögn í vinnslu.
Félög skili 5 ára fjárhagsáætlunum, yfirlýsing gagnvart markmiðum eigandastefnu og uppgjörstólum skv. sniðmáti fjármála- og efnahagsráðuneytisins (mælikvarði: hlutfall sem skilar viðunandi upplýsingum).	Annar mælikvarði.	50%	50% varðandi áætlanir, yfirlýsing tefst um 1 ár.



Aðgerðir	Framkvæmd 2018	Tímabil
Fylgja eftir útgáfu á eigandastefnum og tryggja innleiðingu á þeim meginreglum, viðmiðum og markmiðum sem þar koma fram.	 Drög að uppfærðri almennri eigandastefnu liggja fyrir ásamt reglum um val á stjórnarmönnum.	2018
Greina arðsemi, arðsemiskröfu og arðgreiðslumarkmið fyrir stærri fyrirtæki eins og kostur er, út frá sniðmáti fyrir lykilárangursmarkmið.	 Aðgerð hefst í kjölfar útgáfu á nýrri eigandastefnu.	2018
Útfæra og innleiða eigandastefnu fyrir jarðir, lönd, lóðir og auðlindir í eigu ríkisins.	 Lokadrög að eigandastefnu liggja fyrir.	2018
Unnin verði skýrsla um stöðu, horfur, álitamál og framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið, sem lögð verði fyrir Alþingi til umfjöllunar áður en stefnumarkandi ákvarðanir verða teknar um fjármálakerfið.	 Niðurstöðurnar hafa verið kynntar almenningi á blaðamannafundi, á vef Stjórnarráðsins og í samráðsgátt stjórnvalda. Þá hefur efni skýrslunnar verið tekið til sérstakrar umræðu á Alþingi. Ýmsar tillögur úr skýrslunni eru til frekari skoðunar í ráðuneytinu, t.d. um varnarlínu milli viðskiptabanka og fjárfestingabankastarfsemi.	2018

 Aðgerð ekki hafin  Undirbúningur hafinn  Aðgerð hafin  Aðgerð komin vel á veg  Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Bæta yfirsýn og fjárhagslegt gagnsæi við meðferð eigna

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Hlutfall eigna sem eru í miðlægri umsýslu ríkisins.	≈50%	60%	≈50%
Hlutfall eigna sem skráðar eru í miðlægan korta- og landupplýsingagrunn um ríkisjarðir.	30%	60%	30%
Hlutfall húsnæðis í eigu ríkisins í markaðsleigu eða leigu byggðri á kostnaðargrunni.	>5%	50%	≈50%

Aðgerðir	Framkvæmd 2018	Tímabil
Fyrir liggi fjárfestingaráætlun til 5 ára vegna húsnæðis- og framkvæmdamála ríkisins.	 Unnið er að mótun helstu forsendna fyrir fjárfestingaráætlun.	2018
Áframhaldandi undirbúningur upptöku markaðsleigu og leigu sem byggist á kostnaðargrunni fyrir fasteignir ríkisins.	 Upptöku markaðsleigu á fasteignum í umráðum Ríkiseigna lokið. Unnið að undirbúningi að upptöku markaðsleigu á öðrum eignum sem eru í umráðum annarra ríkisaðila.	2018

 Aðgerð ekki hafin  Undirbúningur hafinn  Aðgerð hafin  Aðgerð komin vel á veg  Aðgerð lokið

MARKMIÐ 3

Setja skýrari ramma um hagnýtingu lands, náttúru og auðlinda í umráðum ríkisins

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Hlutfall auðlindasamninga af heild, sem uppfyllir kröfur nýrrar eigandastefnu um auðlindir á ríkisjörðum.	Mælikvarði í vinnslu.	Mælikvarði í vinnslu.	Eigandastefna enn í vinnslu.
Fjöldi skráðra auðlindakosta af heild á ríkisjörðum.	Mælikvarði í vinnslu.	Mælikvarði í vinnslu.	20%
Sérgreining tekna af auðlindasamningum á ríkisjörðum.	5%	60%	5%

Aðgerðir	Framkvæmd 2018	Tímabil
Bæta skráningu upplýsinga um jarðeignir og auðlindir í eigu ríkisins í korta- og landgrunnupplýsingakerfi.	Helstu upplýsingar um stærð og staðsetningu jarða liggja fyrir. Áfram er unnið að því að taka saman ítarlegri upplýsingar um þær auðlindir sem tilheyra jörðunum.	2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Fjármálaumsýsla og rekstur ríkisins

Í fjármálaáætlun 2018–2022 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 05.3 Fjármálaumsýsla ríkisins. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að skilvirkri og hagkvæmri fjármálaumsýslu og rekstri ríkisins. Að auki er þeim ætlað að stuðla að aukinni framleiðni í opinberri þjónustu til hagsbóta fyrir notendur, starfsmenn og skattgreiðendur.

1. Bæta rekstur og nýtingu fjármuna ríkisins.
2. Markvissari stjórnun og skipulag hjá stofnunum ríkisins.
3. Bæta faglega stjórnun mannauðs og auka leiðtogahæfni stjórnenda.

Stöðumat markmiða

Eftir gildistöku laga um opinber fjármál var tekið upp nýtt verklag við framkvæmd fjárlaga. Á árinu 2018 var lögð áhersla á samræmda upplýsingagjöf, vandaða áætlanagerð ríkisaðila og virkt eftirlit ráðuneyta með rekstri stofnana. Á árinu 2018 lauk innleiðingu á nýju áætlanagerfi fyrir ríkisaðila sem skiluðu sínum ársáætlunum í nýju samræmdu kerfi. Ráðuneytin tóku upp samræmt verklag við yfirferð og samþykkt ársáætlana sem bætti til muna yfirsýn, gagnsæi og gæði ársáætlana. Einnig hefur verið lög áhersla á þróun upplýsingatækni til að bæta upplýsingagjöf ráðuneytanna.

Komið hefur verið á fót verkefnastofu innan fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sem fékk heitið Stafrænt Ísland og vinnur að því að efla þjónustu við almenning og fyrirtæki með hagnýtingu stafrænnar tækni, uppbyggingu stafrænna innviða og auknum samrekstri hins opinbera. Á árinu var m.a. gerður heildarsamningur milli ríkisins og Microsoft um skrifstofuhugbúnaðarpakkann Microsoft Office 365 og hafið ferli við kaup á tölvuskýjalausn fyrir ríkið. Vinna er jafnframt hafin við að koma á samræmdu skipulagi (samræmdri högun) upplýsingakerfa ríkisins með greiningu á stöðu helstu kerfa, sem nýtt verður við mótun framtíðarskipulags. Þetta er forsenda þess að hægt verði að fækka nettengingum ríkisins við Internetið.

Lög um kjararáð féllu úr gildi 1. júlí 2018. Í kjölfarið var unnið að og innleitt nýtt launafyrirkomulag forstöðumanna sem tók gildi í byrjun árs 2019. Samhliða var unnið að gerð stjórnendastefnu þar sem áhersla er lögð á starfsþróun og aukinn stuðning við stjórnendur ríkisstofnana. Markmiðið er m.a. að bæta stjórnendafærni og árangur og búa til eftirsóknarverðara starfsumhverfi bæði fyrir stjórnendur og starfsfólk.

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í fjármálaáætlun 2018–2022 og stöðunnar í lok ársins 2018. Við samanburðinn ber þó að hafa í huga að markmiðin hafa að einhverju leyti tekið breytingum í núgildandi fjármálaáætlun. Breyting hefur verið gerð á mælikvarða við markmið 1 um bættan rekstur og nýtingu fjármuna ríkisins. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2017 var settur fram mælikvarði um fjölda stofnana sem juku samrekstur upplýsingatæknikerfa, en nýr mælikvarði mælir fjölda nettenginga.

Ástæða breytingarinnar er einfaldari mælikvarði en báðir sýna árangur við á koma á samrekstri í upplýsingatækni. Þá er skerpt á skilgreiningu tveggja mælikvarða við markmið 2 um markvissari stjórnun og skipulag. Mælikvarði um skilstofnana á þriggja ára stefnumótun tilgreinir nú að stefnur þurfi að vera staðfestar og mælikvarðinn um samþykki ársáætlana tilgreinir nú að þær skuli verða lesnar inn í fjárhagskerfi ríkisins fyrir 31. desember ár hvert. Breytingin er gerð til að endurspeglar betur verklag varðandi framkvæmd laga um opinber fjármál.

MARKMIÐ 1
Bæta rekstur og nýtingu fjármuna ríkisins

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Hlutfall málaflokka þar sem rekstur er innan fjárheimilda ársins.	72%	85%	71%
Hlutfall ríkisaðila með fjárhagsbókhalda í Orra sem gerir reikninga vegna kaupa á vöru og þjónustu aðgengilega almenningi á sérstakri vefsíðu.	5%	70%	90%
Fjöldi nettenginga ríkisins við Internetið.	Ca. 270	80	Ca. 270

Aðgerðir	Framkvæmd 2018	Tímabil
Tilraunaverkefni um innleiðingu og þróun á innkaupakerfi fyrir valdar A-hluta stofnanir.	Aðgerðin er hafin og 4 stofnanir taka þátt í þróun. Fleiri stofnanir koma inn í verkefnið á þessu ári.	2018
Áframhaldandi innleiðing rafrænna reikninga og nýting upplýsinga úr þeim til að auka rekstrarlega yfirsýn.	Unnið hefur verið að innleiðingu rafrænna reikninga fyrir ríkisstofnanir í nokkurn tíma. Fyrst var lögð áhersla á stóra birgja innan rammamanna ríkisins en nú er stefnt að því að allir reikningar til ríkisstofnana verði rafrænir innan skamms. Árið 2018 eru tæplega 560.000 reikningar skráðir í fjárhagskerfi ríkisins, þar af voru rafrænir reikningar um 62%. Vöxtur milli ára er nokkur, frá 59% yfir í 69% miðað við janúar 2018 og 2019.	2018-2019
Birting reikninga á netinu hafin í skrefum og aðgengi almennings að tölulegum gögnum bætt.	Um áramót var lokið við að innleiða opna reikninga hjá ráðuneytum og stofnunum í A-hluta ríkissjóðs. Verkefninu er lokið.	2018
Uppsetning tölvuskýjaumhverfis, undirbúningur fyrir samrekstur upplýsingatæknikerfa og miðlæg innkaup á hugbúnaði hjá ríkinu.	Gerður var heildarsamningur milli ríkisins og Microsoft um skrifstofuhugbúnaðarpakkann Microsoft Office 365 fyrir 16.200 starfsmenn almennra A-hluta stofnana og 4.200 notendur hjá menntastofnunum. Innleiðing er hafin og miðað er við að henni verði að fullu lokið 2021. Þá var send út fyrirspurn (RFI) á Evrópska efnahagssvæðinu varðandi tölvuskýjalausnir fyrir ríkið. Einn aðili hefur verið valinn í frumverkefni (e. proof of concept) sem unnið verður að haustið 2019.	2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Markvissari stjórnun og skipulag hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Hlutfall ríkisaðila í A-hluta með miðlægt áætlana-kerfi vegna áætlanagerðar fyrir næstkomandi ár.	20%	70%	99%
Hlutfall ríkisaðila í A-hluta með staðfesta stefnu til þriggja ára.	90%	90%	90%
Hlutfall stofnana sem taka þátt í sameiginlegum innkaupum í skilgreindum vöruflokkum.	70%	95%	63%

Aðgerðir	Framkvæmd 2018	Tímabil
Þróa aðferðir og hefja mælingu á framleiðni í stærstu þjónustukerfum hins opinberra.	Unnið að aukinni framleiðni á ýmsum vettvangi, m.a. með uppbyggingu stafrænna innviða, bættri stafrænni þjónustu og aukinni sjálfvirkni.	2018
Gerð verður þjónustukönnun hjá stofnunum ríkisins á árinu 2018 með það að markmiði að bæta markvisst almannaþjónustu.	Verkefnalýsing er tilbúin og val á framkvæmdaraðila er í ferli.	2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 3

Bæta faglega stjórnun mannaúts og auka leiðtogahæfni stjórnenda

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Hlutfall ársáætlana ríkisaðila fyrir næstkomandi ár, þ.e. áætlana sem eru samþykktar af hlutað-eigandi ráðuneyti fyrir 31. desember.	Fjárlög lágu ekki fyrir.	95%	1.feb 50% 1.apr 95%
Hlutfall stofnana sem gert hafa markmiðatengda mannaflaspá og aðgerðaáætlun fyrir a.m.k. næstu þrjú ár.		15%	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Hlutfall forstöðumanna sem fengið hafa mat á eigin frammistöðu og endurgjöf frá hlutaðeigandi ráðuneyti á undangengnum 24 mánuðum.		25%	Ekki hafið.

Aðgerðir	Framkvæmd 2018	Tímabil
Unnið að innleiðingu jafnlaunastaðals í ríkisstofnunum. Stærri ríkisstofnanir fái vottun fyrir lok ársins 2018.	Stærri stofnanir eru þær sem eru með 250 starfsmenn eða fleiri. Margar hverjar eru komnar vel á veg við innleiðingu staðalsins. Fljótlega var ljóst að upphafleg tímamörk voru heldur knöpp og var ákveðið á árinu 2018, af hálfu félagsmálaráðherra, að nýta heimild í lögum og fresta tímamörkum um eitt ár, til loka árs 2019. Á árinu 2018 var hafist handa við mótun starfa- og launagreiningarkerfis sem ber nafnið Embla og er ætlað að létta stofnunum innleiðingu staðalsins.	2018
Birting heildstæðrar stjórnendastefnu og verklagsreglna um hæfnipætti og gerð starfsþróunaráætlana fyrir forstöðumenn. Mannauðsmálum ríkisins gefið meira vægi í fjármálaáætlun.	Í framhaldi af kjörmynd stjórnenda, sem lá fyrir árið 2017, var unnið að því að skilgreina það starfsumhverfi sem ríkið ætlar að búa stjórnendum. Jafnframt voru einstakir þættir starfsumhverfisins nánar útfærðir og drög að innleiðingar- og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2021 útbúin. Lokadrög að stjórnendastefnu lágu fyrir í lok árs 2018, tilbúin til birtingar í samráðsgátt eftir áramót. Í aðgerðaáætlun stjórnendastefnu ríkisins er kveðið á að gerðar skuli starfsþróunaráætlanir fyrir stjórnendur í samræmi við þá hæfni sem getið er í kjörmynd stjórnenda. Sú vinna er ekki hafin. Nýtt grunnmat starfa forstöðumanna var notað við launaákvörðun allra starfa þeirra í fyrsta skipti. Nýtt launakerfi kom í stað úrskurða kjararáðs. Í fjármálaáætlun 2019–2023 var þess getið sem sértækrar aðgerðar að mannauðsmál ríkisins fengju meira vægi í fjármálaáætlun.	2018
Mat á stöðu og þróun mannaflaparfar einstakra stofnana til a.m.k. næstu þriggja ára í tengslum við markmið og áherslur í starfsemi stofnunar. Aðgerðaáætlanir unnar á grundvelli matsins.	Vinnan hófst á árinu 2017 og var þá ákveðið að byrja á heilbrigðiskerfinu. Á árinu 2018 komu saman fulltrúar forsætisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og velferðarráðuneytisins til að undirbúa verkefnið og er það í mótun.	2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Stjórnarsýsla ríkisfjármála

Markmið í málaflökknum eru:

1. Farsæl innleiðing og framkvæmd laga um opinber fjármál.
2. Bætt markmið allra málaflokka fjármálaáætlunar ásamt mælikvörðum sem miða með skýrum hætti að auknu virði fyrir samfélagið.

Stöðumat markmiða

Stjórnarsýsla ríkisfjármála hefur þróast mjög á liðnu ári í samræmi við lög nr. 123/2015, um opinber fjármál. Helsti áfanginn er stefnumótun til lengri tíma og nýtt verklag sem hefur verið fest í sessi. Á liðnu ári var áfram lögð áhersla á ferli stefnumótunar sem og hagnýta þjálfun í stefnumótun og áætlanagerð innan stjórnarsýslunnar. Þá hafa ársskýrslur ráðherra verið birtar í fyrsta skipti samkvæmt fyrirætlum laga um opinber fjármál.

Unnið var að í tveimur verkþáttum til að bæta ferli og gæði stefnumótunar innan Stjórnarráðsins, þ.e. stöðumat/greining valkosta og framsetning stefnu. Verkefnið er unnið í samstarfi ráðuneyta, en hluti þess var vinnsla gátlista og fleira sem auðveldar vinnu við stefnumótun. Árið 2019 verður afrakstur vinnunnar kynnt og birt á vef Stjórnarráðsins, jafnframt sem lögð verður áhersla á áframhaldandi hagnýta þjálfun í stefnumótun og áætlanagerð innan stjórnarsýslunnar.

Meðal áskorana í ríkisfjármálum er bætt nýting fjármuna en mikilvægt er að skipulag starfsemi ríkisins sé með þeim hætti að stuðlað sé að markvissri stjórnun og auknum árangri með hagsmuni samfélagsins í fyrirrúmi. Nýtt verklag hefur verið innleitt í þeim tilgangi að stuðla að bættri ráðstöfun fjármuna, en í því felst kerfisbundið endurmat á útgjöldum til verkefna eða málaflokka með það að markmiði að greina hvaða undirliggjandi þættir valda því að útgjöld þróast með tilteknum hætti. Í lok árs 2018 hófst fyrsta umferð endurmatsins.

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í fjármálaáætlun 2018–2022 fyrir árið 2018 og stöðunnar í lok ársins 2018. Mælikvarðar birtast í fyrsta sinn fyrir málaflökkinn. Tengingar milli málefnasviða eru taldar mikilvægar til að sýna fram á að ýmis nútímaviðfangsefni verða ekki leyst af einu ráðuneyti heldur tengist ábyrgð á úrlausn milli tveggja eða fleiri ráðherra eftir atvikum. Dæmi þar um er samræmt kerfi grænna skatta, sem er aðgerð á málefnasviði 5 með vísun í markmið á málefnasviði 17.

MARKMIÐ 1

Farsæl innleiðing og framkvæmd laga um opinber fjármál

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Fjöldi heildstæðra stefna fyrir málefnasvið.	Nýr mælikvarði.	3–5	0
Vísanir/tengingar milli málefnasviða.	Nýr mælikvarði.	10 vísanir.	10
Framvinda aðgerða í öðrum málaflokkum sem fjármála- og efnahagsráðuneytið ber ábyrgð á.	Nýr mælikvarði.	>80%	90%

Aðgerðir	Framkvæmd 2018	Tímabil
Tenging kynjaðrar fjárlagagerðar við ferla og stefnumótun við framsetningu fjármálaáætlunar 2019–2023 á grundvelli laga um opinber fjármál.	Unnið var með jafnréttismat á málefnasviðum og málaflokkum hins opinbera, sem gefur stjórnvöldum betri yfirsýn yfir stöðu kynjanna. Kynja- og jafnréttissjónarmið voru tengd við umfjöllun um stefnumörkun málefnasviða til fimm ára og aðlöguðu ráðuneytin mörg hver markmið og mælikvarða að þeim kynjahalla sem er til staðar og taka þarf á.	2018
Mótun stefnu og aðgerðaáætlunar undir merkjum íslenska upplýsingasamfélagsins og fyrir upplýsingatækniumhverfi ríkisins.	Unnið var að gerð grænbókar á árinu 2018 og er þeirri vinnu lokið. Hvert ráðuneyti vinnur áframhaldandi vinnu á grunni grænbókarinnar. Verkefnastofan um Stafrænt Ísland vinnu nú skv. aðgerðaáætlun sem er á þremur megináherslusviðum: Eflingu stafrænnar þjónustu í gegnum miðlægu þjónustugáttina Ísland.is, eflingu innviða og auknu samstarfi stofnana á sviði upplýsingatæknimála.	2018
Innleiðing hafin á nýju verklagi við framkvæmd fjárlaga hjá 90% ríkisaðila.	Allir ríkisaðilar skiluðu ársáætlun fyrir næstkomandi ár í samræmdu áætlanagerfi og ráðuneytin tóku upp samræmt verklag við yfirferð og samþykkt ársáætlana í samræmdu kerfi.	2018
Vinna hafin við endurnýjun þjóðhagslíkans sem taki meira mið af þróun opinberra fjármála og endurspegli betur áhrif fjármálastefnu og fjármálaáætlunar.	Fundur haldinn með spátæmi Hagstofunnar um mögulega útfærslu og þróun á líkaninu.	2018
Samþætting og þróun stoðþjónustu ráðuneyta með flutningi miðlægra verkefna til þjónustueiningar Stjórnarráðsins.	Á árinu voru gerðar breytingar á rekstrarformi Rekstrarfélags Stjórnarráðsins. Samhliða var unnin stefnumótun um hvaða þjónusta á að vera miðlæg og fyrirkomulag fjármögnunar. Rekstrarfélagið hefur haft með rekstur tölvu- og fjarskiptakerfa að gera auk rekstrar og viðhalds fasteigna. Fleiri verkefni voru færð til Rekstrarfélagsins á árinu, m.a. símavarsla, umsjón með ráðherrabifreiðum, vefur Stjórnarráðsins, Stjórnarráðsskólinn auk verkefna persónuverndarfulltrúa.	2018

█ Aðgerð ekki hafin
 █ Undirbúningur hafinn
 █ Aðgerð hafin
 █ Aðgerð komin vel á veg
 █ Aðgerð lokið

Aðgerðir	Framkvæmd 2018	Tímabil
Ný framkvæmd vegna lagabreytinga á mörkuðum tekjum svo að viðkomandi tekjustofnar renni í ríkissjóð og framlög verði veitt til viðkomandi aðila í samræmi við ákvarðanir og forgangsröðun Alþingis.	Árið 2018 samþykkti Alþingi safnlög sem höfðu í för með sér að skatttekjur sem höfðu verið markaðar renna nú í ríkissjóð líkt og lög um opinber fjármál áskilja og fjárveitingar til viðkomandi aðila eru ákvarðaðar á grundvelli heimilda í fjárlögum. Einu mörkuðu skatttekjurnar sem standa eftir eru tryggingagjald og úrvinnslugjald og er vinna við lagabreytingar vegna þeirra í höndum viðkomandi fagráðuneyta.	2018
Breytingar á fjárhagskerfi ríkisins vegna laga um opinber fjármál. Nýtt áætlanagerðakerfi fyrir ríkisaðila og endurbætur á fjárlagakerfi Stjórnarráðsins og Alþingis til að styðja við innleiðingu og framkvæmd laga um opinber fjármál.	Nýtt áætlunarkerfi fyrir ríkisaðila var innleitt á árinu auk þess sem unnið var að endurbótum á fjárlagakerfi til að styðja betur við framkvæmd laga um opinber fjármál.	2018
Þróun útgjaldgreininga á ýmsum þáttum ríkisrekstrar, byggt á bestu forðæmum, m.a. af vettvangi OECD.	Nýtt verklag var þróað um kerfisbundið endurmat á útgjöldum til verkefna og málaflokka. Í lok árs hófst fyrsta umferð endurmatins, greining á rekstri sýslumannsembættta og endurgreiðsla vegna kvikmyndagerðar.	2018
Efling greiningarstarfs og upplýsingamiðlunar, birting opinna reikninga, mánaðarlegra bókhaldsupplýsinga og endurbætt framsetning gagna á vef.	Ráðuneytið vinnur að eflingu greiningarstarfs og endurbættrar framsetningar gagna á vef. Unnið að eflingu upplýsingamiðlunar, m.a. með aukinni notkun samfélagsmiðla og vinnslu upplýsingastefnu. Verkefni um birtingu opinna reikninga lauk á árinu.	2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Bætt markmið allra málaflokka fjármálaáætlunar ásamt mælikvörðum sem miða með skýrum hætti að auknu virði fyrir samfélagið

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Hlutfall mælikvarða málaflokka sem mæla afurðir eða niðurstöðu (samfélagsvirði, bætt lífsgæði) í árlegri fjármálaáætlun.		75%	37%

Aðgerðir	Framkvæmd 2018	Tímabil
Unnin verði drög að skilgreiningu á samfélagsvirði og bættum lífsgæðum í tengslum við markmið (e. output), áhrif (e. outcome) og framfarir (e. end-outcome).	Notast við áhrifakeðju (e. Outcome Sequence-Chart) til stuðnings við skilgreiningu og þróun mælikvarða í fjármálaáætlun. Rýni og endurgjöf til ráðuneyta af hálfu FJR og FOR. Þróun mælikvarða um árangur heldur áfram innan stjórnsýslunnar.	2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál **Málefna svið 6**

Í fjárlögum fyrir árið 2018 voru skilgreind fjögur markmið fyrir málaflokk 06.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál. Markmið málaflokksins miða að því að opinber þjónusta byggist á lýðræði, skilvirkni og öryggi með þarfir almennings og atvinnulífs að leiðarljósi.

1. Auka gæði, framboð og aðgengi að opinberum hagtölum, m.a. með viðbótarbreytum, nýjum hagskýrslum og lýsigögnum fyrir hagskýrslur, ásamt kynningarefni í tengslum við birtingu hagtalna.
2. Ljúka uppsetningu og aðgengi að skilgreindum gagnasettum á grundvelli grunngerðar landupplýsinga (skv. INSPIRE-tilskipun) á Íslandi.
3. Auka opinbera þjónustu sem byggist á sjálfsafgreiðslu.
4. Koma á samræmdu skipulagi (samræmdri högun) upplýsingakerfa þar sem gætt er sérstaklega að hagkvæmni ásamt öryggi upplýsinga og kerfa til að verjast glæpum og ógn á netinu.

Stöðumat markmiða

Á árinu 2018 var unnið að því að efla þjónustugáttina Ísland.is og auka aðgengi að rafrænni opinberri þjónustu. Endurbætur voru gerðar á rafrænu pósthólfi og fjölgaði þjónustuveitendum sem tengdust pósthólfinu og birtast nú m.a. tilkynningar frá ríkisskattstjóra og Fjársýslunni. Á árinu var Samráðsgátt á vefsvæðinu Ísland.is opnuð en í henni er að finna áform um lagasetningu, drög að lagafrumvörpum og reglugerðum, skjöl um stefnumótun og fleira og er hægt er að senda inn umsögn eða ábendingu. Unnið var að því að koma á samræmdu skipulagi (samræmdri högun) upplýsingakerfa ríkisins á árinu með greiningu á stöðu helstu kerfa, sem nýtt verður við mótun framtíðarskipulags.

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í fjármálaáætlun 2018-2022 fyrir árið 2018 og stöðunnar í lok ársins 2018. Við samanburðinn ber þó að hafa í huga að markmiðin hafa að einhverju leyti tekið breytingum í núgildandi fjármálaáætlun.

MARKMIÐ 3

Auka opinbera þjónustu sem byggist á sjálfsafgreiðslu

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Ísland.is: Fjöldi rafrænna auðkenninga í auðkenningaþjónustu.	5,8 milljónir	Fjöldi auðkenninga verði 6.5 milljónir árið 2018.	8 milljónir
Fjöldi þjónustuveitenda/stofnana í rafrænu pósthólfi Ísland.is.	3	Fjöldi þjónustuveitenda/stofnana í pósthólfi verði 15.	6
Stig í Government Usage-mælingu WEF.	4,7 árið 2016	5,0	WEF hefur ekki uppfært síðan 2016.

Aðgerðir	Framkvæmd 2018	Tímabil
Þróun á leyfisveitingagátt í kjölfar nýlegrar breytingar á lögum nr. 85/2007.	Unnið var að umsóknarferli fyrir ferðaþjónustuaðila vegna skipulagningar dagsferða og endurnýjunar ferðaskrifstofuleyfis. Fyrsta útgáfa umsóknarferlisins var tilbúin á haustmánuðum 2018. Unnið verður að annarri útgáfu á árinu 2019.	2017-2019
Útgáfa og kynning stefnu fyrir málefnasviðið. Undirbúningur að reglulegu stöðumati og endurskoðun stefnu.	Stöðumat og greining valkosta birt í samráðsgátt stjórnvalda.	2018
Átak í birtingu gagna og gagnagrunna frá stofnunum í gáttinni opingogn.is	Unnið hefur verið að aðgerðaáætlun um opin gögn.	2015-2020

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 4

Koma á samræmdu skipulagi (samræmdri högun) upplýsingakerfa þar sem gætt er sérstaklega að hagkvæmni ásamt öryggi upplýsinga og kerfa til að verjast glæpum og ógn á netinu

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Hlutfall af frumvörpum, reglugerðum og stefnuskjólum sem fara í opið samráð í samráðsgátt.	37% af stjórnarfrumvörpum sem urðu að lögum.	50% af stjórnarfrumvörpum sem verða að lögum í opnu samráði í samráðsgátt í lok 2018.	57% af stjórnarfrumvörpum sem urðu að lögum.
Móta og innleiða skipulag og stefnu um högun opinberra upplýsingakerfi.	Heildarskipulag upplýsingatækni-kerfa/arkitektúr ekki til.	Búið að móta skipulag og stefnu og innleiðing hafin.	Núverandi skipulag helstu upplýsingakerfa ríkisins kortlögð til að nýta við mótun heildstæðs skipulags.

Aðgerðir	Framkvæmd 2018	Tímabil
Móta og innleiða skipulag og stefnu um högun opinberra upplýsingakerfa (tækniarkitektúr).	Unnið var að gerð landsarkitektúrs fyrir upplýsingakerfi hins opinbera í samstarfi við stofnanir og sveitarfélög. Gerð var greining á núverandi stöðu og lagðar voru fram tillögur að meginreglum.	2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnýsla atvinnamála og nýsköpunar

Málefнасvið 16

Markaðseftirlit og neytendamál

Í fjárlögum fyrir árið 2018 kemur fram að við markmiðssetning málaflokksins hafi átt að treysta alþjóðlega samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á grunni skilvirks og trúverðugs markaðseftirlits. Markmið málaflokksins eru þrjú:

1. Aukið gegnsæi, virk samkeppni og heilbrigðir viðskiptahættir fjármála- og viðskiptalífs.
2. Aukin umhverfisvitund og úrlausnir á grunni markaðseftirlits og samkeppni.
3. Aukið traust almennings og fyrirtækja til atvinnulífs og markaðseftirlits.

Stöðumat markmiða

Til þess að ná settum markmiðum voru valdar þrjár aðgerðir sem tengjast fyrsta markmiði málaflokksins og ein aðgerð sem tengist þriðja markmiði málaflokksins. Ekki hefur verið gripið til sérstakra aðgerða sem tengjast öðru markmiði málaflokksins á ábyrgðarsviðum fjármála- og efnahagsráðherra, en málaflokkurinn er sameiginlegur með atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu sem hefur ráðist í aðgerðir undir þessu markmiði hvað varðar annað markaðseftirlit en það sem fram fer í Fjármálaeftirlitinu.

Á árinu lauk vinnu við eina aðgerð á málefнасviðinu, ein aðgerð er vel á veg komin og tvær aðgerðir eru hafnar. Í júní 2018 skilaði starfshópur um endurskoðun laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi o.fl. skýrslu til ráðherra. Á sama tíma voru lagðar fyrir forsætisráðherra tillögur um endurskoðun á ramma peningastefnunnar, sem fólu í sér tillögur um sameiningu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Ráðherranefnd um efnahagsmál og endurskiplagningu fjármálakerfisins ákvað að fylgja eftir síðarnefndu tillögunum og var í því skyni sett á fót verkefnisstjórn sem falið var að semja frumvarp til nýrra laga um Seðlabanka Íslands, sem tæki mið af sameiningunni, auk frumvarps sem fæli í sér breytingar á öðrum lögum vegna sameiningarinnar, þar á meðal lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Við þá vinnu var að einhverju leyti horft til skýrslu starfshóps um endurskoðun laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi o.fl. Með tillögu verkefnisstjórnarinnar um sameiningu Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands var haft að leiðarljósi að efla traust, gagnsæi og skilvirkni og styðja vel við markmið þessa málaflokks.

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í fjármálaáætlun 2018–2022 fyrir árið 2018 og stöðunnar í lok ársins 2018. Við samanburðinn ber þó að hafa í huga að markmiðin hafa að einhverju leyti tekið breytingum í núgildandi fjármálaáætlun.

MARKMIÐ 1

Aukið gegnsæi, virk samkeppni og heilbrigðir viðskiptahættir fjármála- og viðskiptalífs

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Bankakerfi: 1) Rekstrarkostnaður/ (hreinaxvaxtatekjur og þóknunatekjur). 2) Rekstrarkostnaður/heildareignir.	Annar mælikvarði.	1) <65% 2) <2,5%	Mælikvarði felldur brott.
Fjöldi óinnleiddra Evrópugerða á fjármálamarkaði.	13	<20	34
Úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðs á 29 kjarnaviðmiðum Basel-nefndar um bankaeftirlit.	Var ekki 2017.	Lágmarksviðmiðum mætt: 10 atriði.	24% (2014, úttekt á fylgni við kjarnaviðmið Basel-nefndar um bankaeftirlit (BCP)).

Aðgerðir	Framkvæmd 2018	Tímabil
Uppfæra rafræna þjónustugátt FME til að einfalda skil gagna, fyrirspurna og erinda.	Nokkrar umsóknir bárust í rafrænu þjónustugáttina. Unnið að útfærslu á virkni gáttarinnar með hagsmunaaðilum.	2018.
Kaup á eftirlitskerfi með viðskiptum á verðbréfamarkaði.	Útboði lokið. Innleiðingarferli hafið. Stefnt að því að kerfið verði tekið í notkun á árinu 2019.	2018.
Athugun á aukinni hagkvæmni og skilvirkni við gagnasöfnun í samstarfi Fjármálaeftirlits, Seðlabanka Íslands, Hagstofu Íslands og ríkisskattstjóra.	Með sameiningu SÍ og FME er þessi aðgerð hafin hvað varðar þær tvær stofnanir. Ekki hefur verið farið í athugun hvað varðar Hagstofu eða RSK.	2018.

Aðgerð ekki hafin Undirbúningur hafinn Aðgerð hafin Aðgerð komin vel á veg Aðgerð lokið

Eitt af leiðarstefjum verkefna sem fjármála- og efnahagsráðherra vinnur að er að draga úr kostnaði við opinbera þjónustu þar sem því verður við komið, t.d. með hagræðingu eða einföldun. Slíkar aðgerðir geta ýtt undir samkeppnishæfni. Í því ljósi var ákveðið að styðjast við mælikvarða um hlutfall rekstrarkostnaðar af heildareignum annars vegar og hreinum vaxtatekjum og þóknunatekjum hins vegar. Þessi mælikvarði var felldur brott í núgildandi fjármálaáætlun (2020–2024) í ljósi reynslu af árangursmælingum síðustu ára út frá mælikvarðanum þar sem starfsemin sem fellur undir málaflokkinn getur að takmörkuðu leyti haft áhrif á það sem mælikvarðinn mælir. Þetta á sérstaklega við þegar horft er til þeirra aðgerða sem fyrirtækin sjálf geta gripið til til þess að hafa áhrif á mælivarðann.

Eitt af markmiðum verkefnisstjórnar um sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins er að sameiningin efli traust og tryggi skilvirkni við framkvæmd þjóðhagsvarúðar og fjármálaeftirlits. Ekki hefur verið haft sérstakt samráð við Hagstofu Íslands eða ríkisskattstjóra um hagkvæmni og skilvirkni við gagnasöfnun.

Fjármálaeftirlitið vinnur stöðugt að úrbótum á grundvelli tillagna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í kjölfar úttektar á 29 kjarnaviðmiðum Basel-nefndarinnar um bankaeftirlit. Meðal úrbóta sem þar komu fram var endurskoðun á lögum um opinbert eftirlit á fjármálamarkaði, sem nú má segja að sé lokið. Líklegt er að næsta athugun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verði ekki eingöngu á viðmiðum um bankaeftirlit heldur viðmiðum sem ná til eftirlits með nær allri fjármálastarf-

semi. Því var mælikvarðanum breytt í hlutfallstölu við gerð gildandi fjármála-áætlunar, án þess þó að efnisbreyting hefði orðið á mælikvarðanum. Ekki eru til nýrri eða aðrar mælingar samkvæmt mælikvarðanum en þær sem liggja fyrir í úttekt frá 2014.

Eins og lesa má hér að ofan hefur óinnleiddum Evrópugerðum fjölgað frá síðustu mælingu, þvert á markmið málaflokksins. Þetta þýðir þó ekki að árangur hafi ekki náðst því að einhverjar þeirra gerða sem ekki voru innleiddar árið 2017 voru innleiddar 2018. Fjölgun óinnleiddra Evrópugerða milli ára má hins vegar rekja til árangurs í upptöku gerða í EES-samninginn. Þannig má segja að þrátt fyrir að verkefnum á þessu sviði hafi verið lokið á árinu þá bættust við ný verkefni á verkefnalistann.

MARKMIÐ 3

Aukið traust almennings og fyrirtækja til atvinnulífs og markaðseftirlits

Aðgerðir	Framkvæmd 2018	Tímabil
Endurskoða lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.	Hópur skilaði skýrslu í júní 2018. Endurskoðun fór fram í tengslum við sameiningu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins.	2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Hvað þetta markmið varðar er vísað til umfjöllunar hér framar þar sem gerð er grein fyrir þessari aðgerð og áhrifum sameiningar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins á hana.

Fjölskyldumál Málefнасvið 29

Barnabætur

Í fjárlögum fyrir árið 2018 kemur fram að í þessum málaflokki voru ekki skilgreindar aðgerðir. Markmið málaflokksins eru tvö:

1. Auka stuðning við tekjulága foreldra.
2. Aukin einföldun og skilvirkni á barnabótakerfinu.

Stöðumat markmiða

Mælikvarða á markmið 1 hefur verið breytt en mælikvarðinn fangaði ekki upplýsingar um framvindu markmiðsins. Orðalag mælikvarðans miðaði að því ná utan um hvort tekjulágir fengju stuðning, en ekki hve umfangsmikill sá stuðningur væri. Í upphaflegri mynd mælikvarðans, þeirri sem birtist hér að neðan, er talað um hlutfall tekjulágra sem fá stuðning í gegnum barnabótakerfið. Ef tekjulágir eru skilgreindir sem þeir sem eru undir lágtekjuviðmiðum, 60% af miðgildi ráðstöfunartekna, þá er það svo að allir tekjulágir sem teljast framfærendur barna í skilningi tekjuskattslaganna fá barnabótagreiðslur enda er lágtekjuviðmiðið ekki svo langt frá skerðingarmörkum barnabóta að barnabætur séu uppnar á þeim stað í tekjudreifingunni. Samkvæmt skilgreiningu ættu því 100% tekjulágra foreldra að fá stuðning í gegnum barnabótakerfið árið 2018. Útreikningur á raunstöðu mælikvarðans út frá skattagögnum leiðir í ljós að 99,0% tekjulágra foreldra hlutu einhverjar barnabætur við álagningu ársins 2018, samanborið við 97,1% við álagningu 2017. Þessar tölur gefa okkur þó ekki mynd af stöðu markmiðsins. Þessi fámenni hópur tekjulágra sem eru annars vegar með skráð barn eða börn á skattframtali sínu en hins vegar ekki með skráðar neinar barnabætur er hópur jaðartilfella þar sem fjárhagsstaða viðkomandi hefur engin áhrif á þá niðurstöðu að viðkomandi fái ekki barnabætur. Umræddur hópur telur þau tilvik þar sem annað tveggja foreldra hefur látist á árinu, og sambúðir þar sem einstætt foreldri tekur upp óvígða sambúð við annan aðila og hefur rétt á að halda barnabótum sem einstætt foreldri þar til það uppfyllir skilyrði skattlaganna fyrir samsköttun. Þegar búið er að leiðrétta fyrir þessum tveimur hópum eru 100% tekjulágra framfærenda barna með barnabætur, árið 2018 sem og árið 2017.

Þau atriði sem birtast í markmiði tvö, einföldun og skilvirkni, fara oft gegn hvort öðru. Þannig er kerfi með fáa ákvörðunarpætti vissulega einfalt en það er óskilvirkt í þeim skilningi að það miðlar ekki fjárhæðum þar sem þörfin er mest og er jafnframt óþarflega dýrt ef það miðlar fjárhæðum til þeirra sem hafa ekki þörf á aðstoðinni. Árið 2018 fjölgaði ákvörðunarpáttum í barnabótakerfinu úr 9 í 11 með tilkomu efri skerðingarmarka barnabóta og skerðingarprósentu þess. Með tilkomu þessara nýju ákvörðunarpáttanna var hægt að hækka grunnfjárhæðir og grunnþrepamörk barnabóta án þess að sú hækkun félli í skaut tekjuháum foreldrum. Gott bótakerfi þarf að feta einstigið milli þessara tveggja sjónarmiða, einfaldleika og skilvirkni og þó mælikvarðinn sem felist í talningu ákvörðunarpáttanna sé heppilegur til að mæla einfaldleika barnabótakerfisins er hann síður til þess fallinn að greina skilvirkni þess.

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í fjármálaáætlun 2018-2022 fyrir árið 2018 og stöðunnar í lok ársins 2018. Við samanburðinn ber þó að hafa í huga að markmiðin hafa að einhverju leyti tekið breytingum í núgildandi fjármálaáætlun.

MARKMIÐ 1

Auka stuðning við tekjulága foreldra

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Hlutfall tekjulágra foreldra sem fá stuðning, út frá hugmyndum sem settar eru fram í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.	100%	Ekkert viðmið. Fallið frá mælikvarða.	100%

MARKMIÐ 2

Aukin einföldun og skilvirkni í barnabótakerfinu

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Fjöldi ákvörðunarþátta við ákvörðun barnabóta	9	7	11

Húsnæðisstuðningur Málefнасvið 31

Í fjárlögum fyrir árið 2018 eru sett fram þrjú markmið fyrir málaflokkinn:

1. Landsmenn eigi þess kost að eignast eigið húsnæði og hafi val um búsetuform.
2. Húsnæðisstuðningi verði í ríkari mæli beint að tekjulægri hópum óháð uppruna tekna. Þar verði sérstaklega horft til tekjulágra leigjenda og fyrstu kaupenda.
3. Jafnvægi verði náð svo fljótt sem auðið er á fasteignamarkaði og nýbyggingar fasteigna verði í samræmi við aukna þörf á markaði. Leitast verði við að eðlilegt framboð verði á húsnæði sem henti þörfum ólíkra hópa samfélagsins.

Stöðumat markmiða

Fjöldi þeirra fjölskyldna, 25 ára og eldri, sem eiga fasteign hefur aukist um ríflega þrjú þúsund frá lokum árs 2016 til loka árs 2018. Aftur á móti hefur á sama tíma aðfluttum erlendum ríkisborgurum, 25 ára og eldri, fjölgað um fram það. Fyrir vikið hefur hlutfall fjölskyldna, 25 ára og eldri, sem eiga fasteign lækkað þegar miðað er við öll framtöl einstaklinga. Hlutfallið var 58,4% í lok árs 2016, 56,4% í lok árs 2017 og 54,7% í lok árs 2018. Ef einungis er skoðuð fasteignaeign einstaklinga 25 ára og eldri sem hafa íslenskt ríkisfang, og þær sambúðir þar sem báðir aðilar eru að minnsta kosti 25 ára og annar aðilinn er með íslenskt ríkisfang, þá hefur hlutfallið við árslok haldist nær óbreytt á tímabilinu. Hlutfallið var 65,4% við árslok 2016, 65,8% við árslok 2017 og 65,5% við árslok 2018.

Fækkun fjölskyldna sem fá greiddar vaxtabætur var árið 2018 umfram viðmið. Í stað 10-15% fækkunar frá álagningu opinberra gjalda 2016 er fækkunin um 36%. Þetta skýrist af því að bæði tekjur og nettóeign þess hóps sem greiðir vaxtagjöld jukust meira en gert hafði verið ráð fyrir. Báðir liðirnir stýra ákvörðun vaxtabóta, en tekju- og eignameiri fjölskyldur fá lægri, eða engar vaxtabætur eftir því sem við á. Aftur á móti næst ekki viðmið um fjölgun þeirra sem greiða séreignarsparnað inn á lán. Þetta kemur til vegna fækkunar í séreignarsparnaðarleið á meðan fyrstu fasteignar úrræðið fór hægar af stað en vonast hafði verið til. Þó ber að nefna undir lok árs 2018 var fjöldi þeirra sem greiddu séreignarsparnað inn á lán í gegnum fyrstu fasteignar úrræðið umtalsvert meiri en meðaltal ársins.

Markmið 3 innan málaflokksins var sett fram í fjárlagafrumvarpi 2018, en ekki í þágildandi fjármálaáætlun, 2018-2022. Þar sem ekki eru skilgreindir mælikvarðar er ekki fjallað um markmiðið hér.

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í fjármálaáætlun 2018-2022 fyrir árið 2018 og stöðunnar í lok ársins 2018. Við samanburðinn ber þó að hafa í huga að markmiðin hafa að einhverju leyti tekið breytingum í nágildandi fjármálaáætlun.

MARKMIÐ 1

Landsmenn eigi þess kost að eignast eigið húsnæði og hafi val um búsetuform

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Hlutfall fjölskyldna, 25 ára og eldri, sem eiga fasteign.	56% fjölskyldna, 25 ára og eldri.	48% fjölskyldna, 25 ára og eldri.	55% fjölskyldna, 25 ára og eldri.

Aðgerðir	Framkvæmd 2018	Tímabil
Greining á umsóknum húsnæðis kaupenda um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, samanborið við nýtingu séreignasparnaðar samkvæmt eldra úrræði.	Verkefnið er hluti af vinnu starfshóps um bann við verðtryggðum lánum og greiningu á fyrstu kaupum fyrir þann hóp.	2018.

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

Einfaldari húsnæðisstuðningur

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Fjöldi einstaklinga sem fá greiddar vaxtabætur.	26.107 fjölskyldur skv. álagningu opinberra gjalda álagningarárið 2017.	25.250 til 26.740 fjölskyldur skv. álagningu opinberra gjalda 2018. Það er, 10-15% fækkun frá álagningu opinberra gjalda álagningarárið 2016.	18.985 fjölskyldur skv. álagningu opinberra gjalda álagningarárið 2018. 36% fækkun frá álagningarárinu 2016.
Fjöldi einstaklinga sem greiða séreignarsparnað inn á lán.	Að meðaltali um 25 þús. einstaklingar á mánuði árið 2017.	10-15% aukning frá meðalfjölda ársins 2016.	Að meðaltali um 24 þús. einstaklingar á mánuði árið 2018.

Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar

Málefnasvið 33

Fjármagnskostnaður

Með fjárlögum fyrir árið 2018 voru skilgreind tvö markmið fyrir málaflokk 33.1 Fjármagnskostnaður.

1. Lækka skuldir ríkissjóðs.
2. Lækka fjármagnskostnað.

Stefna í lánamálum ríkisins endurspeglar áform stjórnvalda um framkvæmd lánsfjármögnunar á tímabilinu. Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að lánsfjárför og fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs sé mætt með lágmarks-kostnaði að teknu tilliti til varfærinnar áhættustefnu. Þá skal stuðla að frekari uppbyggingu á skilvirkum frum- og eftirmarkaði með innlend ríkisverðbréf.

Stefna stjórnvalda er að draga úr skuldsetningu ríkissjóðs á næstu árum, bæði að nafnvirði og sem hlutfall af VLF. Lækkandi skuldir dregur úr vaxtakostnaði og hefur að óbreyttu jákvæð áhrif á lánsþæfismat sem aftur hefur jákvæð áhrif á lánskjör. Með því að draga úr vaxtabyrði skapast aukið svigrúm til uppbyggingar og aukinna útgjalda á öðrum sviðum.

Stöðumat markmiða

Skuldir ríkissjóðs námu 841 ma.kr. í lok árs 2018. Á árinu 2018 námu afborganir lána 131 ma.kr. en voru 322 ma.kr. árið áður. Þar af voru afborganir RÍKH 18 tæplega 70 ma.kr. en sá flokkur var gefinn út til endurfjármögnunar fjármála-stofnana og hefur nú verið greiddur upp að fullu. Niðurgreiðslur skulda voru að stærstum hluta fjármagnaðar með óreglulegum tekjum eins og arðgreiðslum og andvirði stöðugleikaframlaga slitabúa fallinna fjármálafyrirtækja. Erlendar afborganir voru engar á árinu 2018. Innlendar lántökur námu 39,3 ma.kr. en erlendar lántökur voru engar.

Vaxtagjöld án verðbóta og gengisbreytinga á árinu 2018 námu 48 ma.kr. en voru 72 ma.kr. árið 2017. Lækkun vaxtakostnaðar milli ára skýrist að hluta til af kostnaði við uppkaup á erlendum skuldum ríkissjóðs á árinu 2017 en hann nam samtals um 18,5 ma.kr. Vaxtakostnaður með verðbótum sem hlutfall af VLF hefur farið lækkandi og nam hann 2% á árinu 2018. Hlutfallið fór hæst í 7% af VLF á árinu 2009. Hlutfall vaxtakostnaðar er enn hátt í sögulegu samhengi og í alþjóðlegum samanburði. Ein ástæða þess er samsetning skulda en um 85% af heildarskuldum eru innlendar en 15% erlendar. Vaxtastig á Íslandi er herra en víðast hvar erlendis og skýrir það nokkurn mun á vaxtakostnaði milli landa. Stærstur hluti innlendra lána var útgefinn á fyrstu árunum eftir fjármálaáfallið og ber háa nafnvexti sem tóku mið af vaxtastigi á þeim tíma þegar lánin voru gefin út. Vaxtakostnaður af erlendum lánunum var aðeins um 3,5% af heildarvaxtagjöldum á árinu 2018.

Innleiðing nýs reikningshaldsstaðals, sem gerir kröfu um gjaldfærslu á áhrifum gengisbreytinga á höfuðstól erlendra lána, hækkar vaxtagjöld um sem nemur 8,1 ma.kr. á árinu 2018. Einnig er gerð krafa um gjaldfærslu reiknaðra vaxta á ófjármagnaða lífeyrisskuldbindingu sem námu 12,9 ma.kr. og útskýra þessar tvær breytingar að mestu leyti frávik rauntölu frá viðmiði. Kostnaður við uppkaup innlendra skuldabréfa nam 3,6 ma.kr. Á móti reyndust vextir og verðbætur lægri en áður var reiknað með og er því heildarfrávik um 19,2 ma.kr. hækkun fjármagnskostnaðar frá viðmiði.

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í fjármálaáætlun 2018-2022 fyrir árið 2018 og stöðunnar í lok ársins 2018. Við samanburðinn ber þó að hafa í huga að markmiðin hafa að einhverju leyti tekið breytingum í núgildandi fjármálaáætlun.

Mælikvarðar fyrir lækkun skulda ríkissjóðs

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Heildarskuldir að nafnvirði í ma.kr.	917	865	841 ma.kr.
Skuldir sem % af VLF.	35%	30,8%	30,0%

Mælikvarðar fyrir lækkun fjármagnskostnaðar

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Fjármagnskostnaður í ma.kr.	81,4	58	77,2
Fjármagnskostnaður sem hlutfall af VLF.	3,1%	2,1%	2,3%

Aðgerðir	Framkvæmd 2018	Tímabil
Greiða niður skuldir með stöðugleikaframlagi slitabúa.	Stöðugleikaframlög hafa verið nýtt til endurkaupa á ríkisbréfum og greiðslu afborgana ríkisskuldbréfa og víxla þegar að gjalddögum kom. Einnig hafa stöðugleikaframlög verið nýtt til lækkunar á lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs.	2016–2019
Nýta óreglulegar tekjur til niðurgreiðslu skulda.	Óreglulegar tekjur hafa verið nýttar til niðurgreiðslu skulda eins og aðstæður hafa leyft.	2016–2024
Lækka útistandandi hámarksfjárhæð markflokka ríkisbréfa.	Unnið er að lækkun útistandandi flokka sem eru stærri ein 70 ma.kr.	2017–2024
Taka upp virkari lausafjárstýringu og lækka innstæður í Seðlabanka Íslands.	Leitast við að jafna sveiflur á reikningum ríkissjóðs með útgáfu víxla ásamt gerð lánasamninga við fjármálafyrirtæki til skamms tíma.	2017–2024
Endurfjármagna útistandandi skuldir þegar tækifæri gefst á betri vaxtakjörum.	Uppkaup eldri innlendra skuldabréfa fóru fram á árinu og ný skuldabréf gefin út á hagstæðari vöxtum.	2017–2024
Gera vaxtaskiptasamninga á innlendum markaði.	Útgáfa vaxtaskiptasamninga á innlendum markaði hófst á árinu 2018 með það að markmiði að draga úr vægi verðtryggingar í skuldum ríkissjóðs.	2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Stærstum hluta stöðugleikaframlaga slitabúa föllnu fjármálafyrirtækjanna, að undanskildu hlutafé í Íslandsbanka, hefur verið komið í verð og andvirðinu ráðstafað til niðurgreiðslu skulda ríkissjóðs, eða alls 195 ma.kr. Til viðbótar hefur eignum að fjárhæð um 40 ma.kr. verið ráðstafað til niðurgreiðslu lífeyris-skuldbindinga hjá LSR. Þá hafa óreglulegar tekjur eins og arðgreiðslur einnig verið nýttar til niðurgreiðslu skulda á síðustu árum. Þessar tvær aðgerðir eru því komnar vel á veg. Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að virði afkomuskiptasamnings, sem gerður var í tengslum við sölu á Arion banka, skili sér til ríkissjóðs og andvirðið verði í kjölfarið nýtt til frekari niðurgreiðslu skulda.

Í stefnu í lánamálum sem gefin var út haustið 2016 var kynnt nýtt viðmið fyrir hámarksfjárhæð útistandandi innlendra markflokka. Allir nýir flokkar verða því að hámarki 70 ma.kr. að stærð í stað 100 ma.kr. eins og áður. Þá verður leitast við að minnka stærð þegar útgefinna flokka eftir því sem tækifæri gefst.

Ríkissjóður tók upp virka lausafjárstýringu á vormánuðum 2017 sem byggist á því að stýra lausafjárstöðu ríkissjóðs þannig að hún sé að jafnaði 40 ma.kr. Ríkissjóður getur þá annaðhvort tekið lán á markaði ef staðan fer undir 40 ma.kr. viðmiðið eða veitt lán ef lausafjárstaðan er umfram viðmið.

Áfram verður leitast við að nýta tækifæri til endurfjármögnunar skulda ef aðstæður leyfa, með það fyrir augum að lækka vaxtakostnað ríkissjóðs.

Útgáfa vaxtaskiptasamninga getur nýst til að stýra vaxtaáhættu ríkissjóðs. Fyrstu samningarnir voru gerðir á haustmánuðum 2018 og hafa þeir einkum miðast við að draga úr verðtryggingaráhættu í lánasafni.

Ríkisábyrgðir

Með fjárlögum fyrir árið 2018 var skilgreint eftirfarandi markmið fyrir málaflökk 33.2 Ríkisábyrgðir.

1. Draga úr ríkisábyrgðum.

Stefna stjórnvalda er að draga úr ríkisábyrgðum eins og kostur er næstu árin. Ekki er gert ráð fyrir að ríkissjóður gefi út nýjar ríkisábyrgðir á tímabilinu.

Stöðumat markmiða

Á árinu 2018 lækkuðu ríkisábyrgðir úr 1.032 ma.kr. í 957 ma.kr. Þar af eru ábyrgðir vegna Íbúðalánasjóðs 778 ma.kr., eða 81% af heildarríkisábyrgðum. Ríkisábyrgðir vegna Landsvirkjunar nema 93 ma.kr., eða tæplega 10% af veittum ábyrgðum. Í hlutfalli af VLF lækkuðu ríkisábyrgðir úr 39% í 34% á milli ára. Helstu markmið málaflokksins eru að lækka stöðu ríkisábyrgða eins hratt og kostur er ásamt því að veita ekki nýjar ríkisábyrgðir.

Vel hefur gengið að lækka útistandandi ríkisábyrgðir á síðustu árum. Skuldbindingar Íbúðalánasjóðs eru með afborgunarfyrrikomulagi og hafa því ábyrgðir vegna sjóðsins lækkað í samræmi við niðurgreiðslu sjóðsins á útistandandi skuldum. Sjóðurinn hefur ekki tekið á sig neinar nýjar skuldbindingar á síðustu árum. Staða ríkisábyrgða gagnvart Íbúðalánasjóði, sem hlutfall af landsfram-

leiðslu, hefur lækkað úr 76% í lok árs 2009 í 28% í árslok 2018. Landsvirkjun hefur í auknum mæli greitt niður skuldir með ríkisábyrgð á síðustu árum og félagið hefur þar að auki lagt áherslu á fjármögnun án ríkisábyrgðar.

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í fjármálaáætlun 2018-2022 fyrir árið 2018 og stöðunnar í lok ársins 2018. Við samanburðinn ber þó að hafa í huga að markmiðin hafa að einhverju leyti tekið breytingum í núgildandi fjármálaáætlun.

Mælikvarðar - draga úr ríkisábyrgðum

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Nafnvirði útistandandi ábyrgða.	Annar mælikvarði. 915	915	957
Ríkisábyrgðir % af VLF.	Annar mælikvarði. 33%	33%	34%

Raunstaða ríkisábyrgða var 42 ma.kr. verri en gert var ráð fyrir í ársbyrjun 2017. Ríkisábyrgðir voru sem hlutfall af VLF 34% í stað 33% eins og áætlað hafði verið. Þessi munur skýrist fyrst og fremst af breyttri framsetningu ríkisábyrgða gagnvart Lánasjóði Íslenskra Námsmanna. Með lögum nr. 127/2016 var lífeyriskerfi ríkisstarfsmanna breytt og ríkissjóður innti af hendi framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem nam alls 117 ma.kr. Með því féll niður bakábyrgð ríkissjóðs sem launagreiðanda gagnvart sjóðnum. Hluti af framlagi ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins var fjármagnaður með framsali á skuldabréfum á Lánasjóði Íslenskra Námsmanna, þ.e. kröfum ríkissjóðs vegna veittra lána til Lánasjóðs Íslenskra Námsmanna, að fjárhæð 60 ma.kr. Sú aðgerð fól í sér að eignahlið efnahagsreiknings ríkissjóðs lækkaði um þá fjárhæð í veittum lánnum. Hins vegar er ríkissjóður ábyrgur gagnvart skuldbindingum Lánasjóðs Íslenskra Námsmanna og eftir framsalið til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins teljast þær nú meðal ríkisábyrgða. Í heildarsamhenginu er áhætta ríkissjóðs óbreytt af þessari aðgerð en breytingin felst í því að áður var áhættan innan efnahags ríkissjóðs, en eftir framsalið til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins kemur áhættan fram utan efnahags meðal ríkisábyrgða og hækkaði útistandandi staða þeirra sem nam fjárhæð framseldra skuldabréfa. Á mótí hækkuð raunstöðu vegna skuldabréfa LÍN lækkuðu ríkisábyrgðir, einkum vegna niðurgreiðslu skulda Landsvirkjunar.

Aðgerðir	Framkvæmd 2018	Tímabil
Ekki veita nýja ríkisábyrgðir eða endurnýja útistandandi ábyrgðir.	Aðgerð komin vel á veg.	2017–2021

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Stefna stjórnvalda hefur verið að draga úr ríkisábyrgðum. Vel hefur tekist til á síðustu misserum, ekki hafa verið gefnar út nýjar ábyrgðir og dregið hefur verið úr útistandandi fjárhæðum þegar veittra ábyrgða. Mestu munar um afborganir af skuldum Íbúðalánasjóðs og því að sjóðurinn hefur ekki gefið út ný lán. Þá hefur Landsvirkjun markvisst unnið að því að greiða niður útistandandi lán með ríkisábyrgð og áhersla hefur verið lögð á ný lán án ríkisábyrgðar.

Lífeyrisskuldbindingar

Með fjárlögum fyrir árið 2018 var skilgreint eftirfarandi markmið fyrir málaflokk 33.3 Lífeyrisskuldbindingar.

1. Minnka ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar.

Stöðumat markmiða

Markmiðið er að hreinar lífeyrisskuldbindingar verði ekki meiri en 20% af VLF og undir 15% til lengri tíma litið, en þær voru 23,1% af VLF í árslok 2018.

Lífeyrisskuldbindingar A-hluta ríkissjóðs, sem ekki teljast fjármagnaðar, hækkuðu úr 619 ma.kr. í 647 ma.kr. á árinu 2018. Sem hlutfall af VLF lækkuðu þær úr 23,7% í 23,1% á árinu. Breytingar á skuldbindingunum milli ára eiga sér nokkrar skýringar. Þar vega þyngst hækkanir á skuldbindingum sjóðanna vegna launahækkana hjá opinberum starfsmönnum sem hafa beina tengingu við lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Á móti vegur hrein raunávöxtun sjóðanna á árinu 2018. Jafnframt greiddi ríkissjóður sérstakt viðbótarframlag að fjárhæð 5 ma.kr. Tryggingafræðilegar forsendur eru óbreyttar á milli ára. Nánara niðurbrot á breytingum lífeyrisskuldbindinga innan ársins liggur ekki fyrir.

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samanburði milli rauntalna árin 2017 og 2018. Viðmið lá ekki fyrir í fjármálaáætlun 2018-202 fyrir árið 2018.

Mælikvarðar	Raun 2017	Viðmið 2018	Raun 2018
Hreinar lífeyrisskuldbindingar % af VLF.	Viðmið liggur ekki fyrir.	23,1%	23,7%

Aðgerðir	Framkvæmd 2018	Tímabil
Greiða árlega 5 ma.kr. inn á lífeyrisskuldbindingar.	Forinngreiðslur í sérstakan sjóð B-deildar LSR í samræmi við fjármálaáætlun hins opinbera.	2017–2024
Nýta hluta af söluandvirði Íslandsbanka til niðurgreiðslu skuldbindinga.	Aðgerð ekki hafin.	2021

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Á árunum 2017 og 2018 innti ríkissjóður af hendi sérstakar forinngreiðslur til B-deildar lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að fjárhæð 5 ma.kr. Þær forinngreiðslur munu halda áfram á næstu árum og hækkar fjárhæð þeirra í 7 ma.kr. árlega innborgun frá og með árinu 2019. Ekki hafa verið sett fram nein áform um sölu á eignarhlutum í Íslandsbanka. Verði af slíkri sölu kann að koma til álita að nýta hluta af söluandvirði bankans í viðbótarforgreiðslur til B-deildar, sem draga mun úr útstandandi skuldbindingum ríkissjóðs.

Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir Málefнасvið 34

Almennur varasjóður, sértækar fjárráðstafanir og afskriftir skattkrafna

Ekki voru skilgreind markmið fyrir málefнасvið 34 með fjárlögum fyrir árið 2018. Þar er átt við málaflokkana 34.1 Almennur varasjóður, 34.2 Sértækar fjárráðstafanir og 34.3. Afskriftir skattkrafna.

Stöðumat

Engin eiginleg starfsemi fer fram á þessu málefнасviði og engin útgjöld eru reikningsfærð á það, heldur eru fjárheimildir millifærðar frá því til stofnana og verkefna þar sem útgjöldin falla til.

Undir málefнасvið 34 bættist við í fjáráukalögum árið 2018 nýr málaflokkur, 34.3 Afskriftir skattkrafna, en undir þann málaflokk eru gjaldfærðar niðurfærslur afskrifta skattkrafna.

Árangursmælingar markmiða

Ekki voru skilgreindir mælikvarðar fyrir málaflokkana 34.1 Almennur varasjóður, 34.2 Sértækar fjárráðstafanir og 34.3 Afskriftir skattkrafna með fjárlögum fyrir árið 2018.

Kynja- og jafnréttismál

Ráðuneytið leggur mikla áherslu á jafnréttismál. Það hefur leiðandi hlutverki að gegna gagnvart öðrum ráðuneytum varðandi kynjaða fjárlagagerð. Í lögum um opinber fjármál er kveðið á um að gerð sé áætlun um kynjaða fjárlagagerð sem höfð sé til hliðsjónar í frumvarpi til fjárlaga og að þar skuli gerð grein fyrir áhrifum þess á markmið um jafna stöðu karla og kvenna. Árið 2018 var í samræmi við þetta í fyrsta sinn unnið jafnréttismat á málefnasviðum og mála-flokkum hins opinbera. Helstu niðurstöður voru birtar í Grunnskýrslu kynjaðrar fjárlagagerðar sem kom út snemma árs 2019. Þær sýna meðal annars að þrátt fyrir að Ísland sé í fararbroddi og hafi vakið athygli fyrir framgöngu sína í jafnréttismálum eru áskoranir fram undan. Þær spanna breitt sviði, svo sem í samgöngum, búsetu-, skatta-, mennta- og heilbrigðismálum.

Sem dæmi má nefna taka samgönguáætlanir, skipulag og umferðarlíkön almennt ekki tillit til mismunandi ferðamynsturs karla og kvenna og þess að konur flytja fremur á brott úr dreifbýlum samfélögum. Fyrirkomulag virðisauka-skatts hefur kynjaáhrif því að konur og karlar eru ólíkir neytendur. Þá sækja karlar sér síður háskólamenntun og kynbundið mynstur er í námsvali. Þegar starfsfólk háskóla er skoðað kemur í ljós kynbundin slagsíða körlum í vil. Í heilbrigðismálum er ýmsir þættir sem skoða þarf. Þar má nefna að þörf karla fyrir dvöl á hjúkrunarheimili er metin meiri og konur bíða lengur eftir hjúkrunar-rými. Karlar og drengir taka meira af ADHD-lyfjum en konur nota hins vegar róandi, kvíðastillandi og slævandi lyf töluvert meira en karlar. Þá taka konur um tvisvar sinnum meira af þunglyndislyfjum en karlar. Konur eru í meira mæli með örorkumat vegna stoðkerfissjúkdóma, sérstaklega um og eftir miðjan aldur. Hjá körlum er aukning örorkumats meiri á meðal yngri aldurshópa, einkum vegna geðrænna vandamála. Að lokum má nefna að í hópi einstæðra foreldra eru konur í miklum meiri hluta viðtakenda húsnæðisbóta.

Á árinu 2018 var einnig lögð áhersla á skráningu kyngreindra tölfræðigagna, innleiðingu jafnlaunastaðals, fræðslu og samstarf. Ráðuneytið stóð ásamt Reykjavíkurborg að birtingu myndbands á vefnum þar sem fjallað er á skýran hátt um hvers vegna er mikilvægt að huga að kynjasjónarmiðum við ráðstöfun almannaþjár.

Ávinningur af styrkjum og framlögum 2018

Vegna eðlis starfsemi fjármála- og efnahagsráðuneytis eru styrkir og framlög, skv. 62. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, ekki stór hluti af starfsemi ráðuneytisins. Árið 2018 veitti ráðuneytið styrki til þriggja verkefna og voru styrkirnir veittir á grundvelli samstarfssamninga sem gerðir voru fyrir gildistöku reglugerðar nr. 642/2018 um styrkveitingar ráðherra. Um er að ræða verkefni sem tengjast rannsóknnum tengdum efnahagsmálum og námu heildarupphæðir styrkjanna samtals 34,9 m.kr. Þeir aðilar sem hlutu styrki voru eftirfarandi: Háskóli Íslands vegna rannsókna í lögfræði og hagfræði í norðurslóðarétti; Alþingi veitti á fjárlögum 2016 styrk til rannsóknarverkefnis en verkefnið snýst um lagaleg og hagfræðileg álitaefni sem tengjast höfnum og siglingum á norðurslóðum og stöðu Íslands í því sambandi; þá voru veittir styrkir til Hagrannsóknarstofnunar, samtaka launafólks í almannatjónustu (HASLA) og Hagstofu Íslands vegna samstarfssamnings um launakannanir og aðrar vinnu-markaðsrannsóknir. Ávinningur af þessum styrkjum felst í því að styrkja umgjörð launatölfræði, greiningargetu og frekari rannsóknir á málefnasviðinu.

Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða og millifærslur

Í lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál er gert ráð fyrir að hægt sé að nýta varasjóði málaflokka til að bregðast við áhættu og veikleikum í rekstri. Ef hætta er á að útgjöld verði umfram fjárveitingar skal hver ráðherra leita leiða til að lækka gjöld innan ársins, millifæra fjárveitingar innan málaflokka eða nýta varasjóði þannig að útgjöld verði ekki umfram fjárveitingar. Ráðuneytið hefur til umráða fjóra varasjóði málaflokka sem allir eru á málefnsviði 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla. Eftirfarandi töflur sýna ráðstöfun í og úr varasjóðunum. Vert er að nefna að staða varasjóðs í upphafi er uppsöfnuð staða frá fyrri árum ásamt fjárveitingu ársins 2018.

Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða málaflokka fjármála- og efnahagsráðuneytis árið 2018

Varasjóður málaflokks 05.1	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs.	76,4
Ráðstafað til ríkisskattstjóra.	-75
Millifært á varasjóð.	340
Staða varasjóðs í lok árs	341,4

Millifært var af varasjóði málaflokks á ríkisskattstjóra. Undanfarin ár hefur ríkisskattstjóra verið falin aukin verkefni og viðameira hlutverk. Mörg þessara verkefna voru í fyrstu talin minni og afmörkuð í tíma en hafa reynst stærri og yfirgripsmeiri.

Varasjóður málaflokks 05.2	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs.	52,6
Engu var ráðstafað af varasjóði málaflokka fjármála- og efnahagsráðuneytis á árinu	
Millifært á varasjóð.	177,5
Staða varasjóðs í lok árs	230,1

Varasjóður málaflokks 05.3	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs.	34,7
Millifært á Rekstrarfélag Stjórnarráðsins.	-30
Millifært vegna launabóta.	-1,2
Staða varasjóðs í lok árs	3,5

Millifært var af varasjóði málaflokks á Rekstrarfélag Stjórnarráðsins vegna tímabundins aukins stjórnunarkostnaðar og viðbótarútgjalda vegna innleiðingar á nýjum hugbúnaði.

Varasjóður málaflokks 05.4	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs.	36,5
Engu var ráðstafað af varasjóði málaflokka fjármála- og efnahagsráðuneytis á árinu	-75
Staða varasjóðs í lok árs	36,5

Fjárhæðir í milljónum króna

Yfirlit yfir millifærslur á árinu 2018 skv. 29. gr. laga um opinber fjármál

Málaflokkur	Fjárhæð m.kr.	Millifært af	Millifært til	Skýring
5.10 Skattar og innheimta	340	09-962 Tollstjóri	09-998 Varasjóður mála- flokks 05-10	Millifært af varasjóði skv. 29. laga um opinber fjármál. Flutningur verkefna milli ríkisaðila.
5.10 Skattar og innheimta	75	09-998 Varasjóður málaflokks	09-210 Ríkisskattstjóri	Millifært af varasjóði skv. 29. og 34. gr. laga um opinber fjármál.
5.20 Eignaumsýsla ríkisins	170	09-985 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurvöll	09-998 Varasjóður mála- flokks 05-20	Millifært af varasjóði skv. 29. laga um opinber fjármál. Forgangs- röðun innan málaflokks.
5.20 Eignaumsýsla ríkisins	7,5	09-977 Bankasýsla	09-998 Varasjóður mála- flokks 05-20	Millifært af varasjóði skv. 29. og 34. gr. laga um opinber fjármál.
5.30 05.3 Fjár- málaumsýsla og rekstur ríkisins	30	09-998 Varasjóður málaflokks	09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsins	Millifært af varasjóði skv. 29. og 34. gr. laga um opinber fjármál.
5.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála	4	09-999 Lífeyrissjóður Bænda	09-999 Kjara- og mannauðssýsla	Í takt við 34. gr. laga um opinber fjármál
5.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála	15	09-190 Fastanefndir	09-190 Ýmis verkefni	Í takt við 34. gr. laga um opinber fjármál.
5.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála	1	09-999 Lífeyrissjóður Bænda	09-999 Fjármálaráð	Millifært sbr. 34. gr. laga um opinber fjármál. Forgangsröðun innan málaflokks.

Almennur varasjóður

Í fjárlögum er óskiptur almennur varasjóður, skv. 24. gr. laga um opinber fjármál, til að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg, óhjákvæmileg og ekki er unnt að bregðast við með öðrum hætti á fjárlagaárinu. Almennur varasjóður nemur að lágmarki 1% af fjárheimildum fjárlaga. Framlag úr ríkissjóði í almennan varasjóð á árinu 2018 nemur 8,5 ma.kr. Fjármála- og efnahagsráðherra tekur ákvarðanir um ráðstöfun fjár úr varasjóði og gerir fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir nýtingu þess þegar ákvörðun liggur fyrir. Almennum varasjóði er einkum ætlað að mæta frávikum í launa-, gengis- og verðlagsforsendum fjárlaga ásamt öðrum meiri háttar ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum.

Á árinu 2018 var veitt framlag úr almennum varasjóði til að mæta ófyrirséðum, óhjákvæmilegum og tímabundnum útgjöldum vegna viðhalds á vegakerfinu þar sem ástand vegakerfisins var afar bágð að afloknum vetri og mun verra en gert hafði verið ráð fyrir sökum samþils veðurfars og aukins umferðarþunga. Þá var veitt framlag úr sjóðnum vegna hærri dómkrafna á árinu en hærri kröfur má m.a. rekja til þess að ríkið þurfti að greiða 500 m.kr. vegna máls er varðaði innflutningskvóta á landbúnaðarvörum. Útgjöld vegna dómkrafna eru í eðli sínu tímabundin, ófyrirséð og óhjákvæmileg og eru talsverðar sveiflur á milli ára í fjölda mála sem höfðuð eru gegn ríkissjóði. Að lokum var veitt framlag vegna áhrifa kjarasamninga og verðlagsforsendna umfram forsendur fjárlaga.

Yfirlit yfir ráðstöfun úr almennum varasjóði, sbr. málaflokk 34.1, árið 2018


Almennur varasjóður, málaflokkur 34.1	Fjárhæð
Framlag á fjárlögum fyrir árið 2018	8.500
Launabætur og verðlagsforsendur	-3.364
Dómkröfur	- 960
Vegaframkvæmdir	-3.650
Staða varasjóðs í lok árs	526

Fjárhæðir í milljónum króna

Yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

Í eftirfarandi mynd eru sýnd uppsöfnuð frávik einstakra lið í m.kr. í árslok 2018. Grænu súlurnar sýna frávik innan fjárveitinga og appelsínugulu súlurnar sýna frávik umfram fjárveitingar.

Uppsöfnuð frávik frá áætlun ríkisaðila og verkefna



Fjárhæðir í milljónum króna

Yfirlit yfir útgefið efni

Skýrslur sem birtar voru á vegum ráðuneytisins

- Skipulag bankakerfis: Tillögur nefndar um skipulag bankastarfsemi á Íslandi | [Sækja PDF](#)
- Launamunur markaða – skýrsla samráðshóps um gögn og aðferðir til að jafna laun milli almenns og opinbers vinnumarkaðar | [Sækja PDF](#)
- Endurskoðun laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi o.fl. | [Sækja PDF](#)
- Ársskýrsla 2017 – fjármála- og efnahagsráðherra | [Sækja PDF](#)
- Skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um íslensk efnahagsmál | [Sækja PDF](#)
- Fimm ára áætlun um kynjaða fjárlagagerð | [Sækja PDF](#)
- Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið | [Sækja PDF](#)
- Stefna í lánamálum ríkisins 2019–2023 | [Sækja PDF](#)

Fjárlagatengt efni

- Fjármálaáætlun 2018–2022 | [Sækja PDF](#)
- Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2018 | [Sækja PDF](#)
- Fylgirit með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2018 | [Sækja PDF](#)
- Fjárlög fyrir árið 2018 | [Sækja PDF](#)
- Fylgirit með fjárlögum fyrir árið 2018 | [Sækja PDF](#)
- Fjáraukalög fyrir árið 2018 | [Sækja PDF](#)
- Fylgirit með fjáraukalögum fyrir árið 2018 | [Sækja PDF](#)



Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Árskýrsla fjármála- og efnahagsráðherra

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu – 101 Reykjavík
545 9200 | fjr@fjr.is

Júlí 2019 | ISBN 978-9979-820-78-9

Ábyrgðarmaður: Bjarni Benediktsson
Umsjón: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

@ 2019 – Fjármála- og efnahagsráðuneytið

stjornarradid.is

Ársskýrsla
fjármála- og
efnahagsráðherra
2018